# FRÉTTABLAÐIÐ

213. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 13. SEPTEMBER 2019




Einbeittur hermaður aftengir sprengju með mikilli nákvæmni. Árleg æfing sprengjusérfræðinga, Northern Challenge, stendur nú yfir á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli. Um er að ræða alþjóðlega æfingu herja Atlantshafsbandalagsþjóða. Æfingar fóru einnig fram á hafnarsvæðum víðs vegar á Suðurnesjunum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS

# Fleiri á móti hernaðaruppbyggingu

**Rúmlega helmingur sem tekur afstöðu í nýrri könnun er andvígur frekari uppbyggingu Bandaríkjahers á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli. Tæpur fjórðungur er hlynntur frekari uppbyggingu. Mestur stuðningur mælist hjá kjósendum Miðflokksins.**

**VARNARMÁL** Rúm 52 prósent þeirra sem taka afstöðu eru andvíg frekari uppbyggingu á vegum Bandaríkjahers á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli. Þetta sýna niðurstöður nýrrar könnunar sem Zenter rannsóknir gerðu fyrir Fréttablaðið og frettabladis.is.

Tæpur fjórðungur er hlynntur frekari uppbyggingu og álíka margir segjast hvorki hlynntir né andvígir. Konur eru mun líklegri en karlar til að vera andvígar uppbyggingu Bandaríkjahers. Um 64 prósent kvenna eru andvíg en aðeins 12 prósent hlynnt. Munurinn er minni meðal karla en 41 prósent þeirra er andvígt uppbyggingunni en 35 prósent hlynnt.

Í sumar var greint frá því að bandaríski flugherinn hygðist verja um sjö milljörðum króna til framkvæmda á varnarsvæðinu á næsta ári í samræmi við yfirlýsingar íslenskra og bandarískra stjórnvalda frá 2016.

Bandarísk stjórnvöld hafa á síðustu misserum sýnt norðurslóðum meiri áhuga eins og heimsókn Mikes Pence varaforseta ber vitni um.

Minnstur stuðningur við uppbygginguna mælist í yngsta aldurshópnum en aðeins níu prósent í aldurshópnum 18-24 ára eru hlynnt en 62 prósent andvíg. Sé horft til búsetu er áberandi mestur stuðningur við uppbyggingu hersins á Reykjanesi þar sem 47 prósent eru hlynnt en 23 prósent andvíg. Aðeins á Reykjanesi og Vestfjörðum eru fleiri hlynntir en andvígir uppbyggingunni.

**Hversu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) ertu frekari uppbyggingu Bandaríkjahers á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli?**




Þá er mikill munur á afstöðu fólks eftir því hvaða stjórnmálaflokk það styður. Stuðningur við uppbyggingu hersins mælist þannig aðeins fjögur prósent hjá Vinstri grænum, sjö prósent meðal Pírata og tíu prósent meðal Samfylkingarfólks. Að sama skapi eru 87 prósent Vinstri grænna andvíg, 76 prósent Pírata og 77 prósent Samfylkingarfólks.

Mestur stuðningur við uppbyggingu hersins mælist hjá kjósendum Miðflokksins en helmingur þeirra er hlynntur henni á meðan 22 prósent eru andvíg. Þá eru 44 prósent Sjálfstæðismanna hlynnt uppbyggingunni en 24 prósent andvíg.

Kjósendur Framsóknarflokksins skiptast nokkurn veginn í jafn stóra hópa eftir afstöðu sinni. Kjósendur Viðreisnar eru ekki mjög spenntir fyrir uppbyggingu hersins en 22 prósent þeirra eru hlynnt henni á meðan 59 prósent eru andvíg.

Könnunin var framkvæmd 5. til 9. september síðastliðinn og var send á 2.100 einstaklinga í könnunarhópi Zenter rannsókna. Svarhlutfallið var 52 prósent en gögnin voru vigtuð eftir kyni, aldri og búsetu.

– sar

## Fjárlögin gagnrýnd á þingi og af SI

**FJÁRLÖG** Stjórnarandstöðuþingmenn gagnrýndu hversu bjartsýnar forsendur fjárlaga væru og sögðu samdráttinn á næsta ári að öllum líkindum meiri en gert væri ráð fyrir í fjármálaráðuneytinu.

Þorsteinn Víglundsson, þingmaður Viðreisnar, talaði um „innistæðulaus loforð“ ríkisstjórnarinnar í þessu samhengi.

Fjármálaráðherra og formaður fjárlaganefndar sögðust trúa að forsendurnar myndu halda.

Þá gagnrýnir framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, Sigurður Hannesson, nýjan urðunarskatt á fyrirtæki og segir hann ekki líklegan til að leysa aðstöðu- og úrræðaleysi hvað varðar úrgang.

– sa / sjá síðu 4

## Fréttablaðið í dag




**SKOÐUN** Guðmundur Ingi Guðbrandsson skrifar um breytt umhverfismat. 8

**SPORT** Bandaríkjamenn fóru sneypuför á heimsmeistaramótið í körfubolta í Kína. 10

**MENNING** Rætt við listræna stjórnendur leiklistahátíðarinnar Lókal. 24

**LÍFIÐ** Narfi pantaði 80 hvíta kúlupenna frá Japan. 30

**PLÚS SÉRBLAÐ ● FÓLK**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015




## Veður




Suðvestan 3-10 m/s, en 8-15í dag. Víða skúrir en þurrt og bjart norðaustan- og austanlands. Hiti 5 til 12 stig yfir daginn. SJÁ SÍÐU 16

# Ruslið í höfunum kortlagt

FRÉTTABLAÐIÐ Farðu á frettabladid.is



Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfisráðherra sjósetur flothylki sem er ætlað að sýna hvernig rusl ferðast í höfunum. Hylkinu var fleygt norðan við Garðskaga á Reykjanesi úr varðskipinu Þór. Starfshópur innan Norðurskautsráðsins sér um rannsóknarverkefnið. FRÉTTABLAÐIÐ/ ANTON



Árni Stefán Jónsson er formaður Sameykis. MYND/SAMEYKI

## Misboðið vegna hægagangs

**KJARAMÁL** Trúnaðarmannaráði Sameykis er fullkomlega misboðið með því að viðsemjendur þeirra bjóði upp á jafn mikinn hægagang í kjaraviðræðum og reyndin sé. Þetta kemur fram í ályktun ráðsins.

Samninganefnd Sameykis hefur átt í viðræðum við samninganefndir ríkis, Reykjavíkurborgar og Sambands íslenskra sveitarfélaga síðastliðið hálft ár. „Sýnilegur árangur af þeim viðræðum er enginn og telur ráðið óverjandi að halda viðræðunum áfram á þessum nótum,“ segir í ályktuninni.

Minnir ráðið á að viðræðuáætlanir hafi fyrir sumarfrí verið framlengdar til 15. september og ríki friðarskylda til þess tíma. Ljóst sé að samningar náist ekki fyrir þann tíma og viðræðurnar séu í algerum ólestri. Skorar trúnaðarmannaráðið á samninganefnd Sameykis að hugsa viðræðurnar upp á nýtt, gerist ekkert markvert á næstu dögum.

Sameyki varð til með sameiningu SFR og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar í janúar síðastliðnum. Félagsmenn eru um 12 þúsund. **- sar**



Verkamenn að störfum í Kópavogi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Atvinnuhlutfall hæst á Íslandi

**VINNUMARKAÐUR** Atvinnuhlutfall á Íslandi er hæst innan ríkja Evrópu samkvæmt nýlegri greiningu Eurostat, 87,6 prósent allra á aldrinum 20 til 64 ára er í vinnu. Hlutfall skráðra atvinnulausra er 2,7 prósent, sem er það lægsta í álfunni.

Við greiningu kemur einnig í ljós að hlutfall langtímaatvinnuleysis er það langlægsta á Íslandi. Aðeins 10 prósent atvinnulausra hafa verið án vinnu í eitt ár eða lengur. Svíar eru í öðru sæti með 20 prósent.

Þá er atvinnuleysi ungs fólks á Íslandi með því minnsta í álfunni. **- khg**

# Ætla að opna sjoppu aftur í Stykkishólmi

Eigendur Skúrsins munu opna veitingastað og sjoppu í gamla húsnæði Olís í bænum. Á meðan á breytingum stendur er engin sjoppa í bænum. Bæjarstjóri furðar sig enn á ákvörðun Samkeppniseftirlitsins um að loka sjoppunni.

**VESTURLAND** Rekstraraðilar Skúrsins í Stykkishólmi stefna að því að opna veitingastað með sjoppu í gamla húsnæði Olís í bænum. Þetta staðfestir Sveinn Arnar Davíðsson, kokkur og einn eigenda Skúrsins. Skúrnum og Pizzunni, sem einnig er í eigu Sveins Arnars og Arnþórs Pálssonar, verður lokað, í staðinn munu þeir opna veitingastað og sjoppu í anda þess sem Olís rak.

„Við verðum með litla sjoppu og stærri veitingastað. Svo munum við selja olíuvörur eins og Olís gerði,“ segir Sveinn Arnar. „Fyrirkomulagið verður eins og á gamla Olís, fólk sækir mat í afgreiðsluna en við munum halda því sem gengið hefur vel í Skúrnum, eins og mat í hádeginu fyrir vinnumennina.“

Þeir eru ekki búnir að fá húsnæðið afhent og geta ekki gefið dagsetninguna þegar þeir opna, það verði þó í haust. „Við fáum afhent fljótlega,“ segir Sveinn. „Við erum tvær fjölskyldur sem erum að leggja allt undir, þannig að það má ekki mikið klikka.“

Olís þurfti að loka verslun og veitingastað bensínstöðvarinnar í mars síðastliðnum að kröfu Samkeppniseftirlitsins í kjölfar sameiningar Olís og Haga í fyrra, en Hagar reka verslun Bónuss í bænum. Jakob Björgvin Jakobsson, bæjarstjóri í Stykkishólmi, furðar sig enn á þeirri ákvörðun.

„Við búum svo vel að vera með Bónus hér í Stykkishólmi og taldi Samkeppniseftirlitið það takmörkun á smásölu að hafa Olís hér líka,“ segir Jakob. „Eins og allir vita þá er Bónus með sama verð um allt land, ég geri ráð fyrir að Olís sé með nær öll verð eins um allt land, þá heldur það engu vatni að halda að það komi neytendum í Stykkishólmi til góða að loka verslun Olís nema þeir fari að hækka verðin hér.“



Rúmlega 1.200 manns búa sjoppulausir í Stykkishólmi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> **Núna er það tímabundið ástand að það er engin sjoppa, svo eiga strákarnir eftir að sanna sig.**
>
> Jakob Björgvin Jakobsson, bæjarstjóri í Stykkishólmi



Athafnamaðurinn Sigurður Pálmi Sigurbjörnsson opnaði verslunina Bensó eftir að Olís lokaði, þeirri verslun var lokað nú í vikunni.

Íbúi í Stykkishólmi sem Fréttablaðið ræddi við segir marga óánægða með að hafa enga sjoppu í bænum, ekki sé lengur hægt að fara á nammibar, fá ís í brauðformi og þegar Bónus sé lokað þurfi að keyra til Grundarfjarðar til að kaupa gos. „Það varð allt vitlaust hérna,“ segir Sveinn. „Það var óánægja þegar nammibarinn fór og svona.“

Jakob segir að hann sjái enn eftir verslun Olís, til dæmis þegar komi að því að nálgast gas. Hann horfir þó bjartsýnum augum á framtíðina. „Núna er það tímabundið ástand að það er engin sjoppa, svo eiga strákarnir eftir að sanna sig.“

**arib@frettabladid.is**





# Nákvæmni

Sprengjusérfræðingar herja Atlantshafsbandalagsins æfðu á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli og á hafnarsvæðum víðs vegar á Suðurnesjum. Æfingin ber nafnið Northern Challenge og fer fram árlega. Anton Brink, ljósmyndari Fréttablaðsins, fylgdist með nákvæmnisvinnunni.







# Hlökkum til morgundagsins

**Flokksráðs- og formannafundur** Sjálfstæðisflokksins verður haldinn á morgun á Hilton Reykjavík Nordica. Að loknum ræðum forystufólks og almennum stjórnmálaumræðum verður nýr ritari flokksins kjörinn.

**Hilton Reykjavík Nordica.**
Laugardagur 14. september 2019.
Kl. 11:00.

## Sjallaball aldarinnar

Um kvöldið verður **Sjallaball aldarinnar** með kvöldverði.
Hin goðsagnakennda hljómsveit **Stjórnin** leikur fyrir dansi ásamt **Skuggastjórninni. Bergur Ebbi** mun skemmta fólki fyrir dansleik.
Veislustjóri verður **Logi Bergmann Eiðsson.**

**Hilton Reykjavík Nordica.**
Kl. 19.30.

**Allir Sjálfstæðismenn velkomnir á skemmtunina.**
Miðaverði stillt í hóf. Upplýsingar um miðakaup á xd.is.

**Flokksráðsfundur Sjálfstæðisflokksins 2019 → nánar á xd.is**



# Matsfundir oft ekki haldnir þrátt fyrir lagaskyldu

**DÓMSMÁL** Matsgerð réttarmeinafræðingsins Sebastian Kunz er eitt helsta ágreiningsefnið við aðalmeðferð í máli Árna Gils Hjaltasonar sem hófst í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

Árni var sakfelldur í héraði í desember 2017 fyrir tilraun til manndráps í Breiðholti fyrr á sama ári og dæmdur í fjögurra ára fangelsi. Hæstiréttur vísaði málinu aftur heim í hérað og taldi málið ekki nægilega vel rannsakað. Verjandi Árna hélt frammi þeim möguleika að um slys eða sjálfsvörn hefði verið að ræða en ágreiningslaust er að brotaþolinn kom með hnífinn á staðinn en ekki ákærði. Ákæruvaldið byggir hins vegar á því að Árni hafi náð hnífnum af brotaþola og valdið áverkanum.

Matsgerð Kunz er í samræmi við atvikalýsingu ákæruvaldsins og telur hann líklegast að áverkinn hafi verið veittur með hnífi en ólíklegt sé að hann hefði komið til fyrir slysni vegna þess hve miklum höggþunga hefði þurft að beita. Þá útilokaði Kunz að brotaþoli hefði getað veitt sér áverkann sjálfur.



**Sebastian Kunz réttarmeinafræðingur er oft kallaður til matsgerða í sakamálum.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Verjandi gerði alvarlegar athugasemdir við störf Kunz í gær en Landsréttur hefur þegar úrskurðað að matsgerð hans hafi ekki verið unnin í samræmi við lög enda hélt Kunz hvorki matsfund eins og skylt er né hafði hann fengið öll gögn málsins. Engu að síður sendi hann frá sér skjal sem innihélt álit hans á því sem hann hafði verið beðinn um að meta. Kröfu verjanda um að nýr matsmaður yrði dómkvaddur í stað Kunz hefur hins vegar verið synjað.

Aðspurður svaraði Kunz því til að hann hefði ekki talið þörf á matsfundi enda hefði hann talið sig hafa öll gögn sem hann þyrfti til að framkvæma matið. Í mörgum matsmálum, sérstaklega á Íslandi, hefðu ekki verið haldnir matsfundir.

Ítarlega var fjallað um málið á frettabladid.is í gær. Aðalmeðferð málsins verður fram haldið síðar í mánuðinum. **– aá**

> **Ákæruvaldið byggir á því að Árni hafi náð hnífnum af brotaþola og valdið áverkanum.**



**Ákærðu neituðu sök við þingfestingu.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Sigur Rós krefst frávísunar

**DÓMSMÁL** Verjandi meðlima hljómsveitarinnar Sigur Rósar krafðist þess í morgun að máli á hendur þeim verði vísað frá dómi. Þeir eru ákærðir fyrir meiriháttar skattalagabrot og gefið að sök að hafa komist hjá því að greiða rúmlega 150 milljónir króna í skatt. Þeim hafði áður verið gert að greiða álag vegna vangoldinna skatta. Í frávísunarkröfu sinni vísaði verjandinn til fjölda dóma sem fallið hafa bæði hér á landi og hjá Mannréttindadómstól Evrópu í sams konar málum og tók sem dæmi mál Jóns Ásgeirs Jóhannessonar og Tryggva Jónssonar auk tveggja annarra mála sem féllu öll ríkinu í óhag. **– aá**

## Vill lokað þinghald í dómi

**DÓMSMÁL** Kristján Sívarsson mætti ekki í Héraðsdóm Reykjavíkur í gær til að taka afstöðu til ákæru er mál gegn honum var þingfest. Hann er ákærður fyrir að hafa ekki komið barnsmóður sinni til hjálpar þegar hún tók of stóran skammt af fíkniefnum í fyrra, með þeim afleiðingum að hún lést.

Fulltrúi hans í þinghaldinu bar þau boð að hann neitaði sök og óskaði eftir því að þinghald í málinu verði lokað og hvorki auglýst á vef né töflu í dómshúsi. Tekin verður afstaða til beiðninnar í næsta þinghaldi málsins 3. október. **– aá**

# Efast um forsendur fjárlaga

**Stjórnarandstöðuþingmenn gagnrýndu margir hverjir í gær hversu bjartsýnar forsendur fjárlaga væru. Samdrátturinn á næsta ári yrði að öllum líkindum meiri en menn gera ráð fyrir í fjármálaráðuneytinu. Fjármálaráðherra og formaður fjárlaganefndar segjast hins vegar trúa því að forsendur haldi.**

**FJÁRLÖG** Fyrsta umræða um fjárlagafrumvarp Bjarna Benediktssonar, fyrir árið 2020, fór fram í gær. Stjórnarandstöðuþingmenn telja forsendur fjárlaga ekki halda þar sem staða og horfur í íslensku efnahagslífi séu verri en fjárlögin geri ráð fyrir.

Samkvæmt forsendum fjárlaga eru hagspár á einu máli um að hagkerfið vaxi að nýju frá árinu 2020. Einnig segir að efnahagsáföll á fyrri hluta ársins, fall WOW og loðnubrestur, svo dæmi séu tekin, hafi ekki haft víðtæk áhrif. Óvissa ríkir þó í heimsbúskapnum og verri hagþróun meðal helstu viðskiptaríkja Íslands og takmarkanir á alþjóðaviðskiptum geta hamlað innlendum efnahagsbata.

Fjárlagafrumvarpið byggir á hagspá Hagstofunnar frá því í maí. Fram kemur einnig í frumvarpinu að spáin sé bjartsýn í samanburði við spár annarra greiningaraðila. „Vísbendingar eru hins vegar um að vöxtur einkaneyslu geti verið minni í ár en gert er ráð fyrir í spánni þar sem innflutningur neysluvara og bifreiða dróst töluvert saman á fyrri helmingi ársins,“ segir berum orðum í frumvarpi Bjarna Benediktssonar. „Alþjóðlegar hagvaxtarhorfur hafa versnað enn frá framlagningu endurskoðaðrar fjármálastefnu í vor og hættan á niðursveiflu í helstu viðskiptalöndum hefur magnast.“



**Fjármálaráðherra lagði fram frumvarp til fjárlaga í gær.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **Ég óttast að hér sjáum við vísvitandi fram sett allt of bjartsýnar horfur.**
>
> Þorsteinn Víglundsson, þingmaður Viðreisnar



Þorsteinn Víglundsson, þingmaður Viðreisnar, spurði einmitt formann fjárlaganefndar, Willum Þór Þórsson, hvort þetta væru ekki of miklar bjartsýnisspár. „Erum við að byggja þetta frumvarp á raunhæfum forsendum? Verðum við í stöðu til að standa við þau loforð sem hér eru gefin?“ spurði þingmaðurinn. „Ég óttast að efnahagslegar forsendur þessara fjárlaga muni ekki standast. Ég óttast að hér sjáum við vísvitandi framsett allt of bjartsýnar horfur sem okkur ber engin skylda til að gera bara til þess að ríkisstjórnin geti staðið hér og veitt innistæðulaus loforð í umræðu um fjárlög.“

Willum var sammála um að forsendur fjárlaganna væru stóra málið í frumvarpinu. „Þetta er í raun stóra spurningin sem við þurfum að spyrja okkur að. Ég met að við höfum lagt grunninn vel í endurskoðaðri stefnu sem eykur líkurnar á því að þetta gangi upp og vonandi gerir það það og ég hef fulla trú á því.“

sveinn@frettabladid.is

> **Ég met að við höfum lagt grunninn vel í endurskoðaðri stefnu sem eykur líkurnar á því að þetta gangi upp.**
>
> Willum Þór Þórsson, þingmaður Framsóknarflokksins



### Gagnrýna nýjan urðunarskatt

Stefnt er að því í fjárlagafrumvarpinu að ríkið innheimti um þrjá milljarða með nýjum urðunarskatti á fyrirtæki. Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, gagnrýnir þessi áform.

„Hætt er við því að innleiðing urðunarskatts endi sem hrein tekjuöflun fyrir ríkissjóð á meðan ekki er brugðist við þeim vanda sem uppi er hvað varðar aðstöðu- og úrræðaleysi við meðhöndlun slíks úrgangs,“ segir Sigurður. „Fyrirtæki og heimili landsins vilja standa sig vel í úrgangsmálum en ekki eru til staðar nauðsynleg úrræði svo hægt sé að farga úrgangi með fullnægjandi hætti hér á landi. Ekki verður séð að urðunarskatturinn leysi þessa stöðu.“






BERNHARD

**Bernhard - Honda á Íslandi**
Vatnagörðum 24
104 Reykjavík
Sími 520 1100
www.honda.is

Umboðsaðilar:

Bílver
Innesvegi 1
Akranesi
Sími 431 1985

Höldur
Þórsstíg 2
Akureyri
Sími 461 6020

Bragginn
Flötum 20
Vestmannaeyjum
Sími 481 1535

HONDA



**Færeyska þingið verður sett á laugardaginn.** NORDICPHOTOS/GETTY

## Bakslag í viðræðurnar

**FÆREYJAR** Bakslag er komið í stjórnarmyndunarviðræður Fólkaflokksins, Sambandsflokksins og Miðflokksins í Færeyjum. Flokkarnir þrír felldu stjórnina í þingkosningum sem fram fóru 31. ágúst síðastliðinn.

Samkomulag um stjórnarsáttmála lá fyrir í fyrrakvöld en formenn flokkanna komu sér hins vegar ekki saman um skiptingu ráðuneyta.

Bárður á Steig Nielsen, formaður Sambandsflokksins, mun í dag hitta forseta þingsins. Hafi ekki tekist að leysa úr ágreiningi gæti þingforsetinn veitt öðrum stjórnarmyndunarumboð. – sar

## Gervigreind kláraði sinfóníu Mahlers

**AUSTURRÍKI** Fá eru þau störf sem vélarnar munu ekki taka yfir í fjórðu iðnbyltingunni. Um síðustu helgi flutti sinfóníuhljómsveitin í austurrísku borginni Linz verk sem samið var að hluta til með gervigreindarhugbúnaði.

Um er að ræða tíundu sinfóníu tónskáldsins Gustavs Mahler, sem hann náði ekki að klára fyrir andlát sitt árið 1911. Hljómsveitin spilaði þann hluta sem Mahler skrifaði sjálfur og sex mínútur af tónlist þar sem gervigreindarhugbúnaður skrifaði, undir áhrifum frá tónlist Mahler. Heyrðu margir áhorfendur í salnum ekki muninn á manni og vél.

„Þetta er allt saman tónlist og henni fylgja tilfinningar,“ sagði Ali Nikrang, sem forritaði hugbúnað til að skrifa tónlistina. „En allir sem þekkja Mahler vel heyra strax að þetta var ekki samið af honum.“ Tónlistargagnrýnendur þóttust þekkja muninn og sögðu gervigreindina skorta tilfinningar. - khg

HARPA
Salur: Stemma
Austurbakki 2 | Reykjavík
Miðvikudaginn
18. september | kl. 20:00
Aðgangur ókeypis
FYRIRLESTUR Á ENSKU
CHRISTOPHER VASEY
INNSÆI – VERÐMÆT HJÁLP Á LÍFSINS LEIÐ
SAMKVÆMT GRALSBOÐSKAPNUM
Skipuleggjandi: Stofnunin Stiftung Gralsbotschaft
www.gralsbodskapur.org • info@gralsbodskapur.org







**Utanríkisráðherrar Íslands, Svíþjóðar og Danmerkur á blaðamannafundi í tengslum við Borgarnesfundinn í gær. Ýmsar ákvarðanir varðandi aukið samstarf voru samþykktar.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS

# Vilja auka samstarf um öryggis- og varnarmál

**Utanríkisráðherrar Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna funduðu í Borgarnesi í gær. Tillaga Guðlaugs Þórs Þórðarsonar um aukið samstarf í öryggismálum var samþykkt.**

**UTANRÍKISMÁL** „Tengsl Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna styrkjast með hverju árinu. Við stöndum fyrir sameiginleg gildi og styðjum marghliða samvinnu og alþjóðlegt skipulag byggt á reglum, sem sífellt er sótt að.“

Þetta sagði Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra á blaðamannafundi með þeim Ann Linde, utanríkisráðherra Svíþjóðar, og Jeppe Kofod, utanríkisráðherra Danmerkur, að loknum fundi átta utanríkisráðherra Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna í Borgarnesi í gær.

Á fundinum var rætt um alþjóðaog öryggismál í víðu samhengi, sem og málefni norðurslóða og Evrópumál. Norðurlöndin eiga með sér náið samstarf á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og var sérstaklega rætt um með hvaða hætti mætti standa vörð um norræn gildi og styrkja stöðu réttarríkisins, lýðræðis og mannréttinda sem víða eiga undir högg að sækja.

Ráðherrarnir ræddu einnig málefni norðurslóða og mikilvægi þess að lágmarka spennu á svæðinu. Þá voru loftslagsmál rædd og samþykkt sameiginleg ályktun þar um.

Stoltenberg-skýrslan grunnur

Á fundinum var rætt um nýlega skýrslu um framkvæmd tillagna úr svokallaðri Stoltenberg-skýrslu frá 2009 um framtíðarsýn fyrir norrænt samstarf og aukið samstarf Norðurlandanna á sviði öryggisog varnarmála. Að henni unnu Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands og utanríkisstofnanir Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar.

Í skýrslu Stoltenbergs voru settar fram þrettán tillögur sem miða að því að styrkja norrænt samstarf. Þar á meðal var tillaga um að Norðurlöndin tækju sameiginlega að sér gæslu loftrýmis við Ísland, undir stjórn íslenskra yfirvalda og sameiginlega landhelgisgæslu á norrænu hafsvæði. Þá var lagt til að stofnuð yrði norræn viðbragðssveit á sjó sem sérhæfði sig í leit og björgun og komið yrði á sameiginlegu gervihnattakerfi yfir heimskautssvæðinu. Þá voru ríkisstjórnir Norðurlandanna hvattar til að samþykkja gagnkvæma samstöðuyfirlýsingu sem skuldbindi þjóðirnar til að bregðast við ef eitt landanna verður fyrir árás eða óvideigandi þrýstingi.

Að tillögu Íslands var ákveðið að vinna áfram að eflingu norræns samstarfs, með tilliti til nýrra ógna og breytinga á alþjóðavettvangi. „Heimurinn hefur breyst gríðarlega aðeins á síðustu tíu árum og Norðurlöndin þurfa að meta þessar breytingar og meta hvernig þær kalla á aukið norrænt samstarf,“ sagði Guðlaugur Þór. Hann vonast til að þær tillögur liggi fyrir um miðjan október.

> **Heimurinn hefur breyst gríðarlega aðeins á síðustu 10 árum og Norðurlöndin þurfa að meta þessar breytingar og meta hvernig þær kalla á aukið norrænt samstarf.**

„Norræna samstarfið er grundvallarþáttur í okkar alþjóðasamstarfi enda fara hagsmunir okkar og gildi saman víðast hvar,“ segir hann.

Á fundi sínum samþykktu utanríkisráðherrar Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna sameiginlega yfirlýsingu um loftslagsaðgerðir í tengslum við leiðtogafund Sameinuðu þjóðanna um loftslagsmál sem fram fer í New York síðar í þessum mánuði. Að auki lýsa löndin yfir áhyggjum sínum af skógareyðingu og skógareldum á Amason-svæðinu og bjóða fram aðstoð sína ef þörf þykir.

Sjá nánar á frettabladid.is.

david@frettabladid.is

## Vill að Suður-Ítalía fái sérstöðu

**ÍTALÍA** Giuseppe Conte, forsætisráðherra Ítalíu, ætlar að biðja Evrópusambandið um að suðurhluti landsins fái sérstöðu hvað varðar styrki og fleira. Er það til að svæðið geti betur tekist á við atvinnuleysi og skipulagða glæpastarfsemi.

Mikill munur er á norður- og suðurhluta Ítalíu hvað varðar efnahag. 1,8 milljónir íbúa á Suður-Ítalíu búa við mikla fátækt og atvinnuleysi meðal ungs fólks er meira en 50 prósent. Þar að auki skortir mikið á fjárfestingu á svæðinu og yfirvöldum hefur gengið illa að snúa þróuninni við.

Conte hyggst funda með Ursulu von der Leyen, nýjum forseta framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, um málefni Suður-Ítalíu. Til þess að ætlanir hans gangi í gegn þyrfti að breyta samningum sambandsins um stöðugleika og vöxt og Dyflinnarreglugerðinni vegna ábyrgðar á flóttafólki. – khg



**Conte fundar með Evrópusambandinu á næstunni.** NORDICPHOTOS/EPA

> **1,8 milljónir íbúa á Suður-Ítalíu búa við mikla fátækt og atvinnuleysi meðal ungs fólks er meira en 50 prósent.**



# Norðurlöndin funda

Utanríkisráðherrar Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna funduðu í Borgarnesi í gær um aukið samstarf á sviði öryggis- og varnarmála. Samþykkt var yfirlýsing ríkjanna um loftslagsaðgerðir.

















HAUSTKRANSAR
VERÐ FRÁ 7.900

GARÐHEIMAR

Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

FRÉTTABLAÐIÐ
# SKOÐUN

## Lærdómurinn



Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is

Skiptir samkeppnishæfni Íslands máli? Svarið virðist einhlítt en orð og efndir fara sjaldnast saman hjá stjórnvöldum. Fyrir þá sem kjósa einfaldar skýringar er auðveldast að telja sér trú um að krónan sé orsök hærra vaxtastigs en í nágrannaríkjum okkar. Ástæðurnar eru flóknari og margþættari. Heimatilbúnar aðgerðir skipta meira máli. Strangar eiginfjárkröfur ásamt auknum álögum hafa skilað þeirri niðurstöðu að við höfum búið til dýrasta bankakerfi í Evrópu. Þessu munu embættismenn og starfsmenn FME vafalaust neita, enda gerir það starf þeirra auðveldara að svona sé búið um hnútana, en þetta er samt staðan. Afleiðingarnar eru hærri fjármögnunarkostnaður fyrirtækja og lakari framleiðni.

Er fórnarkostnaðurinn þess virði? Rannsóknir hafa sýnt að eins prósentustigs hækkun á vogunarhlutfalli, sem reiknast sem eigið fé sem hlutfall af heildareignum, skili sér að jafnaði í hærri lánskjörum sem nemur um 0,16%. Vogunarhlutfall íslensku bankanna var um síðustu áramót að jafnaði um 15% á meðan það var um 5,5% í evrópskum bönkum. Sjónarmiðin sem hér togast á, eins og Benedikt Gíslason, nýr bankastjóri Arion banka, útskýrði í viðtali við Markaðinn, eru annars vegar varúðarkröfur og neytendavernd og hins vegar skilvirkni og hagkvæmni í fjármálakerfinu. „Við þurfum að spyrja okkur þeirrar spurningar hvar þessi jafnvægispunktur eigi að liggja en í dag er hann talsvert frá okkar nágrannalöndum,“ segir Benedikt. Í tilfelli Arion, sem hefur skilað arðsemi undir áhættulausum vöxtum, má segja að búið sé að svara þeirri spurningu. Bankinn er ekki lengur samkeppnisfær í útlánum til stærri fyrirtækja, sem geta sótt sér betri kjör á skuldabréfamarkaði, en eftir sitja minni og meðalstór fyrirtæki sem reiða sig á dýra fjármögnun í bankakerfinu.

Þessi umræða, sem snýst ekki um að gera eigi bankana berskjaldaða gagnvart fjármálaáföllum, varðar ekki aðeins hagsmuni viðskiptavina heldur einnig ríkisins. Bankasýslan hefur sett fram tillögur sínar um næstu skref í söluferli bankanna. Þær hugmyndir, sem eru skynsamlegar, lúta að því að seldur verði fjórðungshlutur í Íslandsbanka með útboði og tvíhliða skráningu eða að allt að hundrað prósenta hlutur með uppboðsleið þar sem fjárfestingabankar og sjóðir gera tilboð. Lilja Alfreðsdóttir hefur sagst leggja áherslu á mikilvægi þess að eigendastefna ríkisins verði áður uppfærð og eins að staðið verði þannig að málum að almenningur muni hafa traust á ferlinu og í garð fjármálakerfisins. Undir þau sjónarmið má taka. Meira þarf samt til. Áhugasamir fjárfestar, sem bíða ekki í röðum, vilja vita við hverju má búast þegar kemur að lagalegri umgjörð horft fram í tímann. Þar er ekki síður mikilvægt að sýn ríkisstjórnarinnar liggi fyrir, meðal annars um skattlagningu, eiginfjárkröfur og samstarf til að minnka upplýsingatæknikostnað, enda ræður það miklu um það verð sem skattgreiðendur geta vænst þess að fá fyrir bankana.

**Þessu munu embættismenn og starfsmenn FME vafalaust neita, enda gerir það starf þeirra auðveldara að svona sé búið um hnútana, en þetta er samt staðan.**




### Halldór




## Frá degi til dags

**Bryssi og Rósaldo**
**Eitt helsta deilumál samtímans er hvor sé færari knattspyrnumaður, Messi eða Ronaldo. Skiptast menn í ósveigjanlegar fylkingar eftir því hvorn þeir styðja og telja mörk og titla máli sínu til stuðnings. Báðir eru þeir meðal fremstu tuðrusparkara sögunnar, ef ekki þeir allra bestu, og ómögulegt er að segja hvor sé betri. Messi er samt betri.**

**Nú er komið upp nýtt álitaefni. Hvor hafi verið betri, Brynjar Níelsson eða Rósa Björk Brynjólfsdóttir. Þau hreykja sér mjög af fortíð sinni. En þegar litið er á tölfræðina á vef KSÍ er erfitt að segja hvort hafi verið betra. Brynjar spilaði einn U-19 landsleik og engan í meistaraflokki með Val. Rósa lék sex leiki með U-16 ára landsliðinu og einn leik í meistaraflokki. Það var heimavallartap gegn KR. Líklega var Rósa samt betri.**

**Meira af Brynjari**
**Þingforðun (því ekki má segja skróp lengur) Brynjars við þingsetningu vakti mikla athygli. Spunnust um það kenningar að hann væri að senda flokksforystunni skilaboð vegna þess að gengið hefði verið fram hjá honum við ráðherraskipan.**

**Hið rétta er að Brynjar þurfti að leita sér læknishjálpar á Landspítalanum og því hægt að setja álhattana ofan í skúffu. Brynjar er samt reiður.**

**kristinnhaukur@frettabladid.is**

## Breytt umhverfismat



Guðmundur Ingi Guðbrandsson
umhverfis- og auðlindaráðherra

Umhverfismatsdagurinn fer fram í dag. Í tilefni af yfirstandandi endurskoðun laga um mat á umhverfisáhrifum heldur Skipulagsstofnun málþing þar sem sjónum verður beint að virkni umhverfismats fyrir náttúru og samfélag og umbótum á framkvæmd matsins.

Með mati á umhverfisáhrifum fer fram mikilvæg greining á áhrifum framkvæmda á umhverfi og samfélag. Gert er ráð fyrir aðkomu almennings og annarra hagsmunaaðila en með því að tryggja virka aðkomu þeirra ætti að geta skapast meiri sátt um framkvæmdir, þó sumar verði alltaf umdeildar. Þessi aðkoma er einnig í samræmi við Árósasamninginn. Í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu hefur nú verið unnin sérstök aðgerðaáætlun um Árósasamninginn og hef ég m.a. falið Skipulagsstofnun að meta áhrif þátttöku almennings og félagasamtaka á ákvarðanatöku í skipulags- og framkvæmdaverkefnum hér á landi. Einnig hef ég falið stofnuninni að móta, þróa og gera tillögu að verklagi sem tryggir þátttöku almennings og félagasamtaka snemma í ferli ákvarðanatöku, bæði á skipulags- og framkvæmdastigi.

Heildarendurskoðun á lögum um mat á umhverfisáhrifum stendur nú yfir. Núgildandi lög eru að meginstefnu til frá árinu 2000 og nauðsynlegt að taka þau til endurskoðunar. Ráðuneytið lét vinna samanburð á löggjöf nokkurra nágrannaríkja um mat á umhverfisáhrifum og sú greining mun nýtast starfshópnum sem skipaður var við endurskoðun laganna.

Heildarendurskoðuninni er ætlað að auka skilvirkni í ákvarðanatöku við mat á umhverfisáhrifum og að tryggja sem best aðkomu almennings og annarra hagsmunaaðila að ferlinu þannig að hún samræmist sem best ákvæðum Árósasamningsins. Einnig þarf að skoða önnur lög, m.a. skipulagslög og lög um umhverfismat áætlana auk sérlöggjafar um leyfisskylda starfsemi. Með því að samþætta þá ferla sem framangreind lög tilgreina vona ég að hægt verði að auka skilvirkni í ákvarðanatöku við mat á umhverfisáhrifum. Ég vonast einnig til að meiri sátt muni nást um það mikilvæga ferli sem mat á umhverfisáhrifum er og bæði náttúru- og umhverfisvernd eflist.

**Meginmarkmiðin eru að auka skilvirkni í ákvarðanatöku við mat á umhverfisáhrifum og að tryggja sem best aðkomu almennings og annarra hagsmunaaðila að ferlinu.**

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FRAMKVÆMDASTJÓRI:** Jóhanna Helga Viðarsdóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Davíð Stefánsson *david@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐID.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Samgönguás og Borgarlína

**Í DAG**



Hilmar Þ. Björnsson




Borgarlínan kom fyrst á dagskrá með Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030. Ég man að mér fannst þetta stórkostleg hugmynd af margvíslegum ástæðum. Hún átti auðvitað að breyta ferðavenjum borgarbúa, minnka álag vegna einkabíla, draga úr tafatíma í umferðinni, gera borgina skemmtilegri, þægilegri, hagkvæmari og ekki síst vistvænni.

En það var ekki bara það. Hugmyndin byggði ekki bara á þessum starfrænu markmiðum, heldur stóð hún á traustri og sterkri skipulagshugmynd. Menn vildu breyta skipulagsstefnunni úr nánast stjórnlausri útþenslu þar sem aðalsamgöngutækið var einkabíllinn, í þétta og líflega borg. „Þróunar- og samgönguás“ var kynntur til sögunnar, sem átti að binda borgina saman í línulega sjálfbæra borg. Frábær hugmynd sem lengi hafði verið beðið eftir.

Ekki var komið nafn á hugmyndina, en henni lýst sem „strætisvögnum á sérakgreinum“ eða „léttlest í framtíðinni“. Samgönguásinn átti að liggja eftir endilangri borginni í miðjum svokölluðum „þróunarás“. Þessi hugmynd, sem síðar fékk hið ágæta nafn Borgarlína, átti að liggja frá Granda í vestri eftir borginni endilangri að Keldum í austri. Við Keldur bíður landsvæði sem er litlu minna en ríkislandið sem nú er undir Reykjavíkurflugvelli og hentar vel fyrir mjög fjölmenna vinnustaði. Svæðið gæti verið eins konar La Defense Reykjavíkur. Uppbygging þarna gæti minnkað þrýstinginn á miðborgina og verið andstæður póll við hana og skapað þannig traustan rekstrargrundvöll Borgarlínunnar og jafnað umferðarflæðið til austurs og vesturs.

Leiðin var um 9 kílómetra löng og átti að þræða sig í gegnum þéttasta svæði borgarinnar þar sem fyrirhugað var að þétta byggðina enn frekar.

Slíkur línulegur miðbær er í raun „vísbending um þróun sem þegar hefur átt sér stað“ eins og það er orðað í aðalskipulaginu. Línulegi miðbærinn er í samhljómi við þá viðurkenndu skoðun að eðlilegasta þróun borga gerist hægt og sígandi á löngum tíma. „Hugmyndin felst í því að viðurkenna í hugsun og verki, línulegan vöxt miðborgarinnar til austurs“ að Keldnalandi, svo aftur sé vitnað í aðalskipulagið.

Þessi áætlun var sérlega áhugaverð og raunhæf. Mörg okkar töldu að fljótlegt væri að hrinda hugmyndinni í framkvæmd. Hún var óumdeild í borgarstjórn og í umræðunni almennt. Hún virtist fjárhagslega yfirstíganleg og „winwin“ hugmynd. Hún var af þeirri stærðargráðu að borgin gæti staðið undir henni sjálf. Fólk hélt að þetta yrði komið í rekstur með einhverjum hætti, t.d. Grandi-Skeifa, innan 3-5 ára.

Nú þegar skipulagstímabilið er næstum hálfnað og aðeins 10 ár eftir sér maður að þessi frábæra hugmynd hefur verið leidd á nokkuð aðra slóð en upphaflega var ætlað. Hún hefur blásið út. Næstum í óyfirstíganlega stærð. Leiðin hefur lengst úr tæpum tíu kílómetrum upp í 54 kílómetra og þanist út um allt höfuðborgarsvæðið. Kostnaðaráætlanir eru gagnrýndar og rekstraráætlanir liggja ekki fyrir svo ég viti.

Verkefni sem átti að breyta Reykjavík í línulega þétta borg með öflugum almenningsflutningum þar sem umferðin er mest og byggðin þéttust fór í vinnslunni að dreifa sér á strjálbýlustu svæði höfuðborgarsvæðisins. Hún hefur ekki lengur þessi sterku tengsl við frábæra skipulagshugmynd AR2010-2030. Manni virðist samgönguás aðalskipulagsins vera að þróast í e.k. „Borgarlínu útþenslu“ alls höfuðborgarsvæðisins sem fæstir átta sig almennilega á. Þetta sveitarstjórnarmál er orðið svo stórt að það er komið á ríkisstjórnarplan og eina úrræðið til að fjármagna framkvæmdina er talið vera með veggjöldum.

Áætlunin er eðlilega umdeild og líklega of stór og dýr til þess að leggja á eina til tvær kynslóðir að framkvæma. En sem betur fer virðist stuðningur við Borgarlínuna fara vaxandi. Hlúa þarf að þessum stuðningi og auka hann með því að vanda til verka, einbeita sér að viðráðanlegum áföngum og fara ekki of geyst. Það þarf að taka minni skref og auka ekki byggingarheimildir fyrr en einstakir áfangar Borgarlínunnar eru komnir í fullan rekstur. Ekki öfugt.

Nú í vikunni voru kynntar hugmyndir um fyrstu áfanga Borgarlínunnar og góðu heilli sýnir það sig að að þær eru mun lágstemmdari en áður hafa verið kynntar og í ágætu samræmi við það sem kom fram í AR2010-2030. Fyrsti áfanginn virðist samkvæmt þessu vera af viðráðanlegri stærð sem ætti að vera hægt að fjármagna án þess að leggja skatt á vegfarendur í formi vegtolla innan höfuðborgarsvæðisins eins og nú er stefnt að.

Hafa þarf í huga að Borgarlínan er engin patentlausn eða eina lausnin á umferðarvanda höfuðborgarsvæðisins, eins og oft heyrist. Það finnast margir aðrir kostir og það ber að nýta þá sem flesta, samtímis.





ENNEMM / SÍA / NM95114

## Sýndu skynsemi. Veldu nýjan i20.

Nýr i20 er fáanlegur með sjálfvirkri neyðarhemlun, akreinavara og sjálfvirkri hækkun og lækkun aðalljósa. Innréttingin hefur fengið nýtt og vandaðra yfirbragð, nýr 7" snertiskjár nýtir sér fullkomnustu margmiðlunartækni á borð við Apple CarPlay™ og Android Auto™.

Verið velkomin að reynsluaka nýjum og glæsilegum Hyundai i20.

HYUNDAI

5 ÁRA ÁBYRGÐ ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR

Hyundai býður viðskiptavinum sínum upp á eina víðtækustu ábyrgð sem völ er á. Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð og ótakmarkaður akstur.

Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is

# Sneypuför Bandaríkjamanna til Kína

**Bandaríska landsliðið í körfubolta tapaði fyrsta leik sínum í 13 ár í vikunni og fer heim frá HM án verðlaunapenings í fyrsta sinn í sautján ár. Viðvörunarbjöllur hringdu í aðdraganda móts og reyndust boða vandræði fram undan.**


Bandaríkjamennirnir ganga hér niðurlútir af velli eftir tapið gegn Frakklandi í vikunni. NORDICPHOTOS/GETTY

**KÖRFUBOLTI** Stjörnum prýtt C-lið bandaríska landsliðsins í körfubolta fer heim með skottið á milli lappanna frá HM í körfubolta sem klárast um helgina. Bandaríska liðið á einn leik eftir gegn Póllandi á morgun sem er um sjöunda sætið á mótinu. Það verður, sama hver úrslitin verða, versti árangur bandaríska liðsins á stórmóti frá upphafi.

Fyrr í vikunni tapaði bandaríska liðið fyrsta leik sínum á stórmóti í þrettán ár eftir 58 sigurleiki í röð sem gerði út um vonir liðsins um að fara með verðlaunapening heim. Því fylgdi tap gegn Serbíu í gær sem tryggði bandaríska liðinu leik upp á sjöunda sætið en flestir áttu von á því að Serbar myndu mæta Bandaríkjamönnum í úrslitaleiknum.

Ljóst er að þjálfarateymi Bandaríkjanna var enginn greiði gerður þegar stærstu stjörnur NBA-deildarinnar ákváðu ekki að gefa kost á sér á fyrsta móti liðsins undir stjórn þjálfarans goðsagnakennda Gregg Popovich. Mótið fer fram stuttu fyrir upphaf NBA-deildarinnar og eru flestar af stjörnum deildarinnar hrifnari af því að sækjast eftir gulli á Ólympíuleikunum næsta sumar.

Erfitt er að sjá að aðrar þjóðir hefðu ráðið við bandaríska liðið ef James Harden, Anthony Davis, Steph Curry og Damian Lillard hefðu verið með liðinu en það er engin afsökun fyrir þjálfarateymið.

Það er ekki hægt að segja annað en að viðvörunarbjöllur hafi farið að hringja í aðdraganda mótsins þegar bandaríska liðið tapaði æfingaleik gegn Ástralíu. Það fylgdi liðinu inn í riðlakeppnina þar sem bandaríska liðið hefur oft verið meira sannfærandi þrátt fyrir að hafa unnið alla leiki sína.

Þegar komið var í útsláttarkeppnina virtist vanta alla ákefð í bandaríska liðið sem féll verðskuldað úr leik gegn Frakklandi. Þeir áttu engin svör gegn Rudy Gobert, varnarmanni ársins í NBA-deildinni sem tuskaði Bandaríkjamenn til. Þá voru frönsku leikmennirnir sem teljast aukaleikarar úr NBA-deildinni að skila góðu framlagi.

Líklegt er að Bandaríkin mæti með svo gott sem fullskipað lið næsta sumar á Ólympíuleikana í Tókýó og kveði niður gagnrýnisraddir en líklegt er að minnst verður liðsins sem fór á HM í sumar með vott af vonbrigðum. Bandaríkin hafa verið í sérflokki undanfarin ár og er krafa gerð um gullið á hverju móti.

kristinnpall@frettabladid.is

## Tölurnar sem sýna hátt fall bandaríska liðsins

**3** Bandaríska liðið er í hættu á að vera fyrsta bandaríska liðið skipað atvinnumönnum til að tapa þremur leikjum röð í sautján ár.

**58** leiki í röð vann bandaríska liðið skipað atvinnumönnum þar til Frakkar unnu leik liðanna í vikunni. 58 leikja sigurganga Bandaríkjanna spannaði þrettán ár og fimm stórmót.

**3** Þetta er í þriðja sinn sem HM fer fram í Asíu og hefur bandaríska liðinu aldrei tekist að vinna mótið í Asíu. Næsta HM fer einnig fram í Asíu árið 2023.

**5** stórmót í röð komu Bandaríkin heim með gullmedalíuna. Þrisvar á Ólympíuleikunum og tvisvar á Heimsmeistaramótinu.

**3** Engu liði hefur tekist að vinna HM þrisvar í röð. Bandaríkin, Brasilía og hið fallna veldi Júgóslavíu eru einu ríkin sem hafa unnið HM tvö skipti í röð.

**17** ár eru liðin síðan bandaríska liðið fór heim af stórmóti án þess að fara með verðlaunapening í farteskinu.

**2** leikmenn bandaríska liðsins, Kemba Walker og Khris Middleton, voru valdir í stjörnuliðið (e. All-Star) á síðasta tímabili NBA-deildarinnar.

**30** Serbar náðu fram hefndum í gær þegar þeir unnu Bandaríkin eftir að hafa tapað úrslitaleik Ólympíuleikanna í Ríó með 30 stigum sumarið 2016.





Firmino og Wijnaldum ræða saman á æfingasvæðinu. NORDICPHOTOS/GETTY

# Mane getur náð fimmtíu sigurleikjum á Anfield

**FÓTBOLTI** Liverpool-liðið mætti á Melwood-æfingasvæðið í bullandi gír en liðið mætir Newcastle í hádegisleiknum í enska boltanum um helgina. Fram undan er strangt prógramm en Napoli bíður þeirra á þriðjudaginn í Meistaradeildinni, svo Chelsea í deildinni, MK Dons í deildarbikarnum og september endar á viðureign við Sheffield United í deildinni.

Sadio Mane getur náð þeim merkilega áfanga að hafa ekki tapað í 50 leikjum í röð á Anfield. Hann hefur spilað 49 leiki sem Liverpoolleikmaður og einn fyrir Southampton og unnið 40 og gert 10 jafntefli.

Newcastle sýndi að það býr smá í liði Steve Bruce en flestir eru þó sammála að þetta verði lítið annað en létt upphitun fyrir Liverpool áður en liðið heldur til Ítalíu. Mo Salah, góðvinur Mane, bendir á að ef Liverpool geri sitt þá eigi liðið að vinna. „Við misstum af titlinum í fyrra út af einu stigi. Við eigum ekki að þurfa að misstíga okkur þó Newcastle sé okkur alltaf erfitt.“ – bb

**Mane kom til Liverpool frá Southampton fyrir tímabilið 2016. Þegar hann kom til félagsins tilkynnti Jurgen Klopp, stjóri liðsins, að hann hefði reynt að kaupa kauða til Dortmund.**


Jack Nicklaus til vinstri ásamt yfirmanni PGA-mótaraðarinnar Jay Monahan og Rory McIlroy. Bikarinn er á milli Nicklaus og McIlroy.

# Óvenjuleg tilkynning

**GOLF** Rory McIlroy, sem valinn var kylfingur ársins á PGA-mótaröðinni í þriðja skipti á ferlinum, fékk að vita að hann hefði unnið Jack Nicklaus-bikarinn frá sjálfum Jack Nicklaus þar sem þeir sátu í bikaraherberginu á The Bear's Club.

Þegar komið var með bikarinn sagði McIlroy að hann ætti einmitt tvo svona. Þá svaraði Nicklaus: „Núna áttu þrjá. Til hamingju!“ Við það sprungu allir úr hlátri og hamingjuóskunum rigndi yfir McIlroy.

McIlroy vann FedEx-bikarinn með því að vinna lokamót PGA-mótaraðarinnar, en hann vann einnig Players-risamótið og Opna kanadíska RBC-mótið á mótaröðinni.

McIlroy endaði alls fjórtán sinnum á topp tíu listanum á þeim nítján mótum sem hann tók þátt í. Það eru kylfingarnir sjálfir sem kjósa, en McIlroy hafði unnið bikarinn eftirsótta árið 2012 og aftur árið 2014. – bb

# Helgi hættir eftir tímabilið

**FÓTBOLTI** Knattspyrnudeild Fylkis og Helgi Sigurðsson hafa komist að þeirri sameiginlegu ákvörðun að Helgi láti af störfum sem aðalþjálfari karlaliðs Fylkis eftir yfirstandandi keppnistímabil. Ákvörðunin er tekin í bróðerni og sátt beggja aðila. Þetta kom fram í gærkvöldi á fésbókarsíðu Fylkis.

Helgi tók við Fylkisliðinu haustið 2016 þegar félagið var fallið úr Pepsideildinni eftir 16 ára veru í efstu deild á Íslandi. „Ég vil byrja á að þakka Fylki fyrir traustið og tækifærið sem mér var gefið árið 2016. Við höfum náð flestum okkar markmiðum. Þetta hafa verið góð ár, ég hef kynnst mikið af góðu fólki í kringum félagið,“ segir Helgi meðal annars í færslunni. Hrafnkell Helgi Helgason, formaður meistaraflokksráðs karla hjá Fylki, segir einnig að Helga sé þakkað fyrir hans framlag til félagsins. „Eftir gott samtal og í góðri samvinnu voru báðir aðilar sammála um að við lok yfirstandandi tímabils væri rétti tímapunkturinn fyrir breytingar.“

Fylkir er sem stendur í níunda sæti með 25 stig og á þrjá leiki eftir áður en vertíðinni þetta árið lýkur. – bb




Tilboð gilda út 22. september




**233** kr/stk*
v.á. 319 kr/stk

## KASSATILBOÐ

**Nocco BCAA drykkir**

Það skiptir ekki máli hver er þinn uppáhalds
Þú velur 24 Nocco drykki að eigin vali

**5.592** kr/ks
Verð áður 7.656 kr/ks

*Ef verslað eru 24 stk
**Ef verslað eru 14 stk

**225** kr/stk**
v.á. 299 kr/stk




**NÝTT Í HAGKAUP**
Barebells Core
14 stykki að eigin vali

**3.150** kr/ks
Verð áður 4.186 kr/ks

**25%** afsláttur




25% afsláttur af öllum
NOW vítamínum



Himneskar hrís- og maískökur
við öll tækifæri

**229** kr/pk




1 kg af ekta grískri jógúrt
frábær með ferskum berjum

**679** kr/stk

**20%** afsláttur




Lizi´s granola fyrir hollan
og góðan morgunmat

**639** kr/pk
Verð áður 799 kr/pk




Pukka te er unnið úr sérvöldum
lífrænt ræktuðum jurtum

**379** kr/pk

24
Opið allan sólarhringinn
Garðabæ og Skeifunni

# KJÚKLINGAVEISLA



Allt að
35%
afsláttur

**20%**

**Heill ferskur kjúklingur**

**743** kr/kg
Verð áður 929 kr/kg

Holta KJÚKLINGUR

| | | | |
|---|---|---|---|
| 20% | Kjúklingalundir | 1.999 kr/kg | Verð áður 2.499 |
| 35% | Blandaðir kjúklingabitar | 649 kr/kg | Verð áður 999 |
| 35% | Kjúklingaleggir | 649 kr/kg | Verð áður 999 |
| 20% | Kjúklingabringur 100% | 1.999 kr/kg | Verð áður 2.499 |
| 30% | Kjúklingalæri | 874 kr/kg | Verð áður 1.249 |
| 30% | Kjúklingavængir | 335 kr/kg | Verð áður 479 |
| 25% | Kjúklingalæri með legg | 824 kr/kg | Verð áður 1.099 |
| 20% | Úrbeinuð kjúklingalæri | 1.999 kr/kg | Verð áður 2.499 |

HAGKAUP

*Meira* svona *alla daga*

FRÉTTABLAÐIÐ
# TÍMAMÓT
13. SEPTEMBER 2019 FÖSTUDAGUR

## Merkisatburðir

**1731** Mesti mannfjöldi í 200 ár, eða um 600 manns, er samankominn á Þingvöllum þegar æðstu embættismenn landsins sverja Kristjáni konungi 6. hollustueiða.

**1894** Frídagur verslunarmanna er haldinn hátíðlegur í fyrsta sinn í Reykjavík, en var síðar færður fram í ágústbyrjun.

**1934** Rotaryklúbbur Reykjavíkur, sá fyrsti hér á landi, er stofnaður.

**1980** Norðvesturhlíð Skessuhorns í Borgarfirði er klifin af tveimur ungum mönnum en hafði fram til þessa verið talin ókleif.

**1980** Rokk gegn her, tónleikar Samtaka herstöðvaandstæðinga eruhaldnir í Laugardalshöll.

**1981** Borgarfjarðarbrúin er vígð, næstlengsta brú á Íslandi, 520 metra löng.

**1981** Fjölbrautaskóli Suðurlands er settur í fyrsta sinn.

**1982** Grace Kelly, leikkona og furstafrú í Mónakó fær heilablóðfall undir stýri í fjallshlíð og lætur lífið í framhaldi af því. Hún var á 53. aldursári.

**1985** Japanski tölvuleikurinn Super Mario Bros. er gefinn út.

**1992 Guðrún Helgadóttir** hlýtur Norrænu barnabókaverðlaunin fyrir bók sína, Undan illgresinu.



**1994** Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar eru veitt í fyrsta sinn, þau hlýtur Helgi Ingólfsson.

**2002** Íslenska kvikmyndin Hafið er frumsýnd.



„Ég hef alltaf haft áhuga á læknisfræði og erfðafræði og ætlaði reyndar sem barn að verða læknir," segir Vigdís. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Léttara en ég átti von á

**Vigdís Stefánsdóttir varð nýlega doktor í erfðaráðgjöf, fyrst Íslendinga. Hún var líka fyrsti íslenski erfðaráðgjafinn þegar hún hóf störf við Landspítalann árið 2006.**

Vörnin var léttari en ég átti von á en ég hafði reyndar undirbúið mig eins vel og ég gat," segir Vigdís Stefánsdóttir erfðaráðgjafi glaðlega um doktorsvörn sína við Háskóla Íslands síðasta þriðjudag. Hún segir doktorsverkefnið hafa tekið langan tíma, enda hafi hún verið í mikill vinnu samhliða. „Ég hef unnið við að byggja upp skipulagða erfðaráðgjöf hér á landi, með Jóni Jóhannesi Jónssyni, yfirlækni erfða- og sameindalæknisfræðideildar, frá því ég kom heim frá Cardiff í Wales um mitt ár 2006. Þar var ég í meistaranámi í greininni því þessi fræði eru ekki kennd hér á landi. Til undirbúnings náminu í Cardiff tók ég margvísleg undirbúningsnámskeið á háskólastigi sem töldust vera góður undirbúningur, að mati Heather Skirton, sem stýrði náminu í Cardiff, og Jóns Jóhannesar Jónssonar. Eftir að hafa fengið jákvætt svar við umsókn minni um meistaranám, flutti ég til Cardiff og bjó þar í tvö ár á meðan ég var í náminu. Börnin mín voru þá ýmist flutt að heiman eða við það að flytja svo það var ekki vandamál."

Áður hafði Vigdís tekið diplómagráðu í blaðamennsku, eftir að hafa starfað við það fag í nokkur ár. „Hugmyndin að þessu starfi kviknaði meðan ég var í blaðamannsnáminu. Við höfðum fengið lista yfir viðfangsefni til að skrifa um og eitt þeirra átti að vera heilsutengt. Ég valdi að taka viðtal við Jón Jóhannes Jónsson, yfirmann lífefna- og sameindalíffræðideildar læknadeildar Háskóla Íslands. Þar kom fram að erfðaráðgjöf vantaði hér á landi en Jón hafði vanist henni í Bandaríkjunum. Ég hef alltaf haft áhuga á læknisfræði og erfðafræði, ætlaði reyndar sem barn að verða læknir, því fannst mér þetta afar áhugavert og leitaði frekari upplýsinga um fagið, sem endaði með því að ég fór til Cardiff."

Ritgerð Vigdísar fjallar um notkun ættfræðigrunna í erfðaráðgjöf. „Erfðaráðgjafar teikna ættartré eftir upplýsingum þeirra sem koma til okkar. Það er grunn vinnuplaggið. Fólk kemur alltaf út af einhverjum sjúkdómi sem það hefur áhyggjur af. Þá skoðum við fyrst fjölskyldusöguna," lýsir hún og heldur áfram: „Eftir að við byrjuðum með krabbameinserfðaráðgjöfina í desember 2006 sóttum við um leyfi til að fá að nota ættfræðigrunn erfðafræðinefndar, til að búa til ættartré, og líka upplýsingar frá Krabbameinsskrá. Við höfum enga aðra sambærilega gagnagrunna um sjúkdóma á Íslandi en í verkefninu sýni ég fram á að þetta sé skilvirk leið sem hægt er að nota."

Vigdís segir fyrirkomulag erfðaráðgjafar í öðrum löndum með öðrum hætti en hér á landi. „Ef ráðþegi segir til dæmis: „Hún Stína frænka mín var með krabbamein," þá verður hann að fá leyfi Stínu sjálfrar til að nota upplýsingar úr krabbameinsskránni í ættartréð, ef Stína er á lífi. Sé hún látin, gildir það ekki. Þetta er afar tímafrekt. Okkar leið, að nota ættfræðigrunn og upplýsingar frá Krabbameinsskránni, sparar óhemju tíma og vinnu fyrir utan það hvað við fáum miklu nákvæmari upplýsingar fyrir áhættumat. Þetta er unnið á ætluðu samþykki og á móti kemur að við sýnum ekki ættartrén. Við gætum þessara gagna mjög vel og þau eru í algerlega lokuðu umhverfi hjá okkur en ekki í almennu sjúkraskránni."

Vigdís segir BRCA2-genið og erfðaráðgjöf vegna arfgengra brjósta- og eggjastokkameina hafa verið fyrirferðarmikla í starfi hennar, þó krabbameinserfðaráðgjöfin sem slík sé auðvitað mun fjölþættari. „Það má kannski segja að krabbameinserfðaráðgjöf þar sem meinvaldandi breytingar í BRCA-geni koma við sögu sé það sem ég hef hugsað mest um síðustu 13 árin og ég mun örugglega halda áfram að gera það næstu árin." **gun@frettabladid.is**



✝

Ástkær móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**Ingibjörg Sveinbjarnardóttir**

lést á Ljósheimum 4. september.
Útförin fer fram frá Fossvogskirkju
þriðjudaginn 17. september kl. 13.00.

**Geirlaug Guðmundsdóttir**
**Sveinbjörn Guðmundsson**
**Daníel Guðmundsson** **Elsebeth Joensen**
**Halldóra A. Guðmundsdóttir** **Kolbeinn Gissur Gissurarson**
**Ólafur Guðmundsson** **Elísabet Valdimarsdóttir**
**Charlotta M. Guðmundsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Okkar ástkæra

**Ólöf Svana Samúelsdóttir**

Strikinu 2, Garðabæ,
frá Hrafnabjörgum í Laugardal,
Ísafjarðardjúpi,

lést á kvennadeild Landspítalans 6. september. Útför fer fram frá Vídalínskirkju í Garðabæ mánudaginn 16. september klukkan 15.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast her bent á Ljósið, stuðningsfélag krabbameinssjúkra, og Líf, styrktarfélag kvennadeildar Landspítalans. Aðstandendur þakka starfsfólki kvennadeildarinnar innilega fyrir einstaklega góða umönnun og hjartahlýju.

**Samúel Kristjánsson**
**Ásdís Samúelsdóttir** **Hrafnhildur Samúelsdóttir**
**Hjalti Samúelsson** **Sigurbjörn Samúelsson**
**Guðmundur Samúelsson** **Helgi Guðjón Samúelsson**
**og fjölskyldur.**



✝

Ástkær eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Viðar Garðarsson**

Skíðaþjónustunni á Akureyri,

er látinn.
Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju
föstudaginn 20. september kl. 13.30.

**Sonja Garðarsson**
**Jón Garðar Viðarsson**
**Viðar Freyr Viðarsson** **Jaruek Intharat**
**Signe Viðarsdóttir** **Heiðar Ingi Ágústsson**
**Bryndís Viðarsdóttir** **Aðalsteinn Helgason**
**Margrét Sonja Viðarsdóttir** **Árni Kristinn Skaftason**
**afa- og langafabörn.**



✝

Ástkær eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Gunnar Andrés Jóhannsson**

bóndi og fyrrv. forstjóri,
Árbæ, Holtum,

lést að heimili sínu þriðjudaginn
10. september. Útförin fer fram
laugardaginn 21. september
frá Árbæjarkirkju, Holtum.

**Vigdís Þórarinsdóttir**
**Grétar Þórarinn Gunnarsson** **Guðríður Sigurðardóttir**
**Marianna Gunnarsdóttir** **Ólafur Örn Ólafsson**
**Gunnar Jóhann Gunnarsson** **Hafdís Svava Níelsdóttir**
**og afabörn.**

**Viltu birta minningargrein á frettabladid.is?**

Minningargreinar skal senda á timamot@frettabladid.is.
Birting er endurgjaldslaus og opin öllum á frettabladid.is/timamot

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5055.

Fólk
Lífsstíll
FÖSTUDAGUR 13. SEPTEMBER 2019

# Skartgripir með sögu

**Þau Helga Gvuðrún Friðriksdóttir og Orri Finnbogason reka verslunina Orrifinn Skartgripi. Þau hanna og smíða skartgripina á staðnum og eru ánægð með staðsetninguna á einni fjölförnustu götu miðbæjar Reykjavíkur.**



Helga Gvuðrún Friðriksdóttir og Orri Finnbogason hafa að leiðarljósi að bjóða upp á skartgripi sem henta báðum kynjum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR





Verkstæðið er í sama rými og verslunin, í huggulega kjallararými á Skólavörðustígnum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Þegar keyptur er skartgripur í Orrifinn fylgir sagan með.

Framhald af forsíðu ➜

Við seljum eigin vöru sem við hönnum og smíðum sjálf. Verslunin er í huggulegu kjallararými á Skólavörðustígnum. Rýmið er hrátt og voða kósí og hér ríkir heimilisleg stemning,“ segir Helga.

Verkstæðið er í sama rými og verslunin þannig að þegar fólk kemur í búðina getur það séð Helgu og Orra vinna og smíða skartgripina. „Fólk fær vinnuna okkar svolítið beint í æð. Því finnst það skemmtilegt. Ferðafólk hefur haft það á orði við okkur að það séu ekki lengur til verslanir í þeirra heimalöndum þar sem hlutirnir eru búnir til á staðnum. Fólki finnst sjarmerandi að vita hvaðan hluturinn kemur en það er svolítið að deyja út í dag,“ segir hún.

Helga segist stolt af þessari sérstöðu. „Ég held að þetta sé líka sérstaða við miðbæinn í Reykjavík. Hér eru margir að vinna á staðnum. Það eru margir eigendur og hönnuðir sem eru með vinnuaðstöðu í verslunum sínum. Mér finnst ótrúlega gott að það haldist þannig.“

## Benda á það jákvæða

Neikvæð umræða um miðborgina hefur ekki farið fram hjá Helgu. Henni finnst miður hvað hún hefur fengið mikið pláss undanfarið. „Fyrir okkur var aldrei nein spurning um að vera með verslunina einhvers staðar annars staðar. Við viljum vera þar sem hjartað slær.

Miðbærinn er þar sem verslun byrjaði í Reykjavík og þar sem hún hefur alltaf blómstrað. Það má alveg ræða hvernig miðbærinn hefur þróast með fjölgun ferðamanna og eðlilegt að fólk hafi ýmsar skoðanir á því. En í kjarnann finnst okkur skipta mestu máli að velta sér ekki um of upp úr því sem gæti farið betur heldur benda á það sem er gott.“

Helga segir það smitandi þegar talað er neikvætt og að borið hafi á að fólk haldi að aðgengi að miðbænum sé erfitt og ekki sé hægt að komast þangað á bíl sem er að þeirra mati alger misskilningur.

„Þegar þú ferð í verslunarmiðstöð þá veistu hverju þú gengur að. Þar eru stórar verslanakeðjur. En í miðbænum finnur þú eitthvað nýtt og spennandi sem þú finnur ekki annars staðar. Hér er endalaust úrval, hér er handverk, gjafavöruverslanir, verslanir sem sérhæfa sig bara í íslenskri hönnun, skóbúðir, úrsmiðir, gullsmiðir, gallerí með listaverk, gleraugnabúðir, textíll og svo mætti lengi telja. Þetta eru ekki bara svokallaðar lundabúðir. Þó það sé mikið af þeim og maður skilji alveg að fólk sé pirrað á því, en þær eru augljóslega hugsaðar fyrir ferðamenn og við þurfum ekkert að fara þangað. Það er nóg af búðum fyrir okkur hin líka.

Ég hvet alla þá sem hafa verið hikandi við að skella sér í miðbæinn til að gera það og komast að því hvað það er auðvelt, það er alveg hægt að finna stæði og það er ekkert mál að komast ferða sinna. Það er svo margt skemmtilegt í gangi hérna núna, ekki láta það fram hjá ykkur fara.“



Viðskiptavinir Orrifinn eru aðallega heimamenn þó ferðamenn rati líka í verslunina að sögn Helgu. „Við erum heppin með staðsetningu hér á Skólavörðustígnum, ferðamennirnir eiga stöðugt leið hér hjá og detta oft hingað inn. Við höfum fengið jákvæða umfjöllun í Lonely Planet-bókinni um Reykjavík, sem kom okkur skemmtilega á óvart. Wallpaper, ferðahandbók fyrir ferðamenn með sérstakan áhuga á hönnun og arkitektúr valdi okkur sem eina af örfáum búðum í Reykjavík sem þeir fjalla um.

Það er ofboðslega gaman að fá svona umfjöllun. Fólk kveikir greinilega á okkur þó við séum ekki að stíla sérstaklega inn á ferðamenn. Við erum líka snortin yfir að hafa verið valin besta skartgripaverslunin í Reykjavík af Grapevine þrisvar sinnum, það er hvetjandi að fá slíka viðurkenningu.“

Helga segir kúnnahóp þeirra mestmegnis vera Íslendinga sem margir komi aftur og aftur og vilji bæta skartgripum í safnið. „Við erum ofboðslega þakklát fyrir það. Við höfum reglulega gefið út nýjar línur, fyrst árlega en núna gerum við það annað hvert ár. Það er alltaf eitthvað nýtt í boði og fólk er spennt að fylgjast með.“

## Skartgripir fyrir bæði kyn

Þegar Helga og Orri byrjuðu að vinna saman höfðu þau að leiðarljósi að geta boðið upp á skartgripi sem henta báðum kynjum. „Það er aðeins meira en að segja það að láta það ganga upp. En við teljum að okkur hafi tekist nokkuð vel til. Það hefur oft verið talið að skartgripi séu bara fyrir konur, en það er hægt og rólega að breytast.

Karlmenn í dag eru alveg til í að nota skartgripi og þeir yngri eru bara ófeimnir við það. Fólk er miklu opnara fyrir því í dag og það er að opnast heill nýr markaður af ungu fólki sem finnst það eðlilegasti hlutur að karlmenn noti skartgripi. Það heyrir líka sögunni til að bíða eftir að fá skartgrip að gjöf, fólk fær sér sjálft það sem það langar í.“

Helga segir að skartgripir eigi að vera hversdagslegir hlutir. Bara eins og að klæða sig í fötin á morgnana. „Skartgripir eiga bara að vera eitthvað sem þú setur upp hversdags og ferð með í vinnuna eða skólann eða hvert sem þú ert að fara. Þeir þurfa ekki að vera bara til að skreyta sig fyrir einhver sérstök tilefni heldur mega þeir vera partur af þínum staðalbúnaði.“

Helga og Orri hafa unnið mikið með tákn í sinni skartgripahönnun. Þegar þau hönnuðu fyrstu línuna unnu þau með akkerið. „Akkeri er tákn sem maður hefur alist upp með í kringum sig þegar maður elst upp á eyju í sjómannasamfélagi. Akkeri hafa verið notuð í tískuheiminum í tugi ára, þau koma alltaf aftur og aftur. Það er ákveðin áskorun að vinna með þau á sinn eigin hátt,“ segir Helga.

Hún segir þau líka hafa unnið með óhefðbundnari tákn eins og til dæmis fléttur, sem margir átta sig kannski ekki á að tákni eitthvað sérstakt. „Það eru heilu ættbálkarnir í heiminum, til dæmis í Afríku, þar sem flétturnar tákna samfélagsstöðu þína, hvort þú sért giftur, hvað þú ert gamall og ýmislegt, þær hafa rosalega mikið að segja. Fléttur eru líka tákn ástarinnar og vináttunnar. Þú ert að flétta saman tvær manneskjur, þær eru að flétta líf sín saman. Meiningin er svo sterk og skiptir miklu. Við hillumst mikið af svona hversdagslegum hlutum sem hafa gildi og hafa miklu meira að segja en maður áttar sig á í fyrstu.“

Þegar fólk kaupir skartgrip í Orrifinn fylgir sagan alltaf með. „Við viljum að fólk viti merkingu gripsins og hvaðan hugmyndin kom. Við leggjum mjög mikið upp úr því að þetta gildi og þessi merking skili sér til þess sem mun skarta gripnum,“ segir Helga að lokum.


# Tabula gratulatoria

## Ellert B. Schram áttræður

Þann 10. október 2019 verður Ellert B. Schram, fyrrum ritstjóri DV, alþingismaður, forseti ÍSÍ og núverandi formaður Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni, áttræður. Um það leyti kemur út sjálfsævisaga hans, *Enginn veit sína ævina fyrr en öll er*, og gefst vinum hans og velunnurum kostur á að skrá nafn sitt á heillaóskaskrá í tilefni þessara tímamóta og að fá bókina á forlagsverði, eða á kr. 6.000 með sendingarkostnaði. Hægt er að panta verkið hjá útgefandanum á netfanginu *skrudda@skrudda.is* eða í síma 552 8866. Bókin verður send kaupendum um mánaðamótin okt./nóv. 2019.

Til að panta bókina og fá nafn sitt jafnframt á heillaóskaskrána þarf að senda inn nafn, kennitölu og heimilisfang fyrir 25. sept. nk. Sé óskað eftir að greiða verkið með greiðslukorti þarf að senda kortanúmer og gildistíma, annars verður stofnuð krafa í heimabanka þegar bókin kemur út. Nánari upplýsingar fást hjá forlaginu.

SKRUDDA
Hamarshöfða 1
110 Reykjavík
skrudda@skrudda.is





**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Hjördís Erna Þorgeirsdóttir** | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

**Útgefandi:** Torg ehf | **Ábyrgðarmaður:** Kristín Þorsteinsdóttir | **Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir**, ruth@frettabladid.is, s. 550 5653,







## Við getum ekki kennt þér á net- & samfélagsmiðla...

## En við getum tryggt að þú vitir hvað er að frétta!

FRETTABLADID.IS

MOSFELLSBÆR

Kynning á deiliskipulagslýsingu:

## Verslunar- og athafnasvæði í Blikastaðalandi

Mosfellsbær auglýsir hér með til kynningar deiliskipulagslýsingu, skv. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010:

*Fyrir gerð deiliskipulags á 17,4 ha svæði, úr landi Blikastaða í Mosfellsbæ. Deiliskipulagssvæðið afmarkast af Vesturlandsvegi, Korpúlfsstaðalandi, Úlfarsá og sveitarfélagsmörkum Mosfellsbæjar og Reykjavíkur. Megin viðfangsefni deiliskipulagsins er að skipuleggja svæði fyrir verslun og þjónustu ásamt léttum þrifalegum iðnaði. Vandað verður til ásýndar hverfisins og gætt að verndun náttúru og lífríkis meðfram Úlfarsá. Á svæðinu verður gert ráð fyrir belti fyrir tengiveg og Borgarlínu sem og hjóla- og gönguleiðir. Í aðalskipulagi er svæðið skilgreint sem blanda af verslunar-, þjónustu- og athafnarsvæði, 128-V/A.*

Í deiliskipulagslýsingunum kemur fram hvaða áherslur sveitastjórn hefur við skipulagsgerðina. Upplýsingar um forsendur og fyrirliggjandi stefnu, fyrirhugað skipulagsferli hvað varðar kynningu og samráð gagnvart íbúum og öðrum hagsmunaaðilum. Þeir sem vilja kynna sér málið nánar eru vinsamlegast beðnir um að hafa samband við skipulagsfulltrúa. Deiliskipulagslýsingin liggur frammi í þjónustuveri Mosfellsbæjar á 2. hæð Þverholts 2, 270 Mosfellsbæ og hana má einnig finna á heimasíðu bæjarins á slóðinni: mosfellsbaer.is/skipulagsauglysingar

**Athugasemdum og ábendingum varðandi lýsinguna má skila til þjónustuvers Mosfellsbæjar eða til undirritaðs fyrir 4. október 2019.**

*13. september 2019*
*Skipulagsfulltrúi Mosfellsbæjar*
*olafurm@mos.is*

Þverholt 2 | Mosfellsbær 270 | Sími 525 6700 | mos.is

## Bílar & Farartæki

SUZUKI




Suzuki fjórgengis utanborðsmótorar. Nettir, léttir, sparneytnir, hljóðlátir og áreiðanlegir. Eigum til flestar stærðir á lager.

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is**

## Fjórhjól

ARCTIC CAT
SHARE OUR PASSION.



WildCat X LTD - verð kr. 3.290.000,-



TRV 1000 - 2ja manna verð kr. 2.390.000,-

ARCTIC SPORT
Miðhrauni 13 - 210 Garðabæ
Sími 578-0820 - arcticsport.is

## Þjónusta

## Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtækja ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

Getum bætt við okkur verkefnum innan og utanhús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Litið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningabj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

**HÚSAVIÐGERÐIR**
**ENDURBÆTUR OG NÝSMÍÐI**

- **Smíðavinna**
- **Múrvinna**
- **Málningarvinna**

**☎ 788 8870**
**eind@eind.is**
Eind ehf

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

## Önnur þjónusta

KONI



**Demparar**
**- Styrkur**
**- Ending**

**Fyrir:**
- Fólksbíla
- Jeppa
- Vörubíla
- Flutningabíla
- Rútur

AFLVÉLAR
Vesturhrauni 3, 210 Garðabæ,
Sími: 480 0000, www.aflvelar.is

## Keypt & Selt

## Til sölu

**HITAVEITU-SKELJAR**



**HEITIRPOTTAR.IS**
**HÖFÐABAKKA 1**
**SÍMI 777 2000**




Kassagitarar í úrvali Gitarinn ehf Kassagitarar á tilboði Rafmagnsgitarar á tilboði Stórhöfða 27 s 552 2125 www.gitarinn.is gitarinn@gitarinn.is

## Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
**Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105**

**Upplýsingar í síma 782 8800**

## Heilsa

## Nudd




**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þá, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

## Húsnæði

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM**
165 og 285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**FERÐAVAGNAGEYMSLA.**
Til leigu vetrargeymsla fyrir felli- og hjólhýsi á besta stað í Reykjavík. Uppl. í síma 846-2986

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

**UPPHITUÐ FERÐAVAGNAGEYMSLA Í BORGARFIRÐI**
Getum bætt við okkur tjaldvögnum og fellihýsum í vetur. S. 773-3376.

## Atvinna

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000**
**Netfang proventus@proventus.is**

**CATALINA**
CAFÉ • RESTAURANT • SPORTBAR
*Best geymda leyndarmál Kópavogs*
Gullnáman




**HAPPY HOUR VIRKA DAGA FRÁ 16-19**

**HEITUR MATUR ALLA DAGA 11-21**

**SÍMI 554 2166**
HAMRABORG 11 • 200 KÓPAVOGUR
**WWW.CATALINA.IS**

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

## Óveruleg breyting á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030
## Miðborg M1a, M1c.
### Túlkun sérákvæða vegna hlutfalls gististaða í nýrri uppbyggingu/enduruppbyggingu samkvæmt ákvörðun í deiliskipulagi

Borgarráð Reykjavíkur samþykkti þann 22. ágúst 2019, tillögu að óverulegri breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030. Breytingin varðar áður samþykkta stefnu um almenna takmörkun á uppbyggingu gististaða á svæðum M1a og M1c í miðborginni. Í henni felst breytt orðalag á sérákvæðum er varða mögulegt hlutfall nýrra gististaða í nýrri uppbyggingu/enduruppbyggingu samkvæmt ákvörðun í deiliskipulagi. Sjá nánar um tillögu á vef Reykjavíkurborgar, ***adalskipulag.is***.

Aðalskipulagstillagan hefur verið send Skipulagsstofnun til staðfestingar, skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 um óverulegar breytingar á aðalskipulagi. Þeir sem óska nánari upplýsinga geta snúið sér til Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14.

**Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar**

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is




# LAS COLINAS

## - GOLF & COUNTRY CLUB -

**LAUGARDAGUR 14. SEPTEMBER, KL. 12 - 16. ÁRMÚLI 4 - 6.**

OPIN KYNNING Á EINUM FLOTTASTA GOLFVELLI
Í EVRÓPU OG FASTEIGNUM ÞAR Í KRING.

GLÆSILEGAR ÍBÚÐIR, RAÐHÚS OG EINBÝLISHÚS.

SÖLUSTJÓRI LAS COLINAS VERÐUR Á STAÐNUM.

KOMDU OG TALAÐU BEINT VIÐ SÉRFRÆÐING.

**SPÁNAREIGNIR** er rótgróin íslensk fasteignasala með skrifstofu á íslandi.

Við endurgreiðum viðskiptavinum okkar allt að 120.000 kr. vegna skoðunarferða.

Við höfum selt fasteignir á Spáni síðan 2001. Þú ert í öruggum höndum hjá okkur.



**Aðalheiður Karlsdóttir**
Löggiltur fasteignasali
adalheidur@spanareignir.is
S. 893 - 2495

**Karl Bernburg**
Viðskiptafræðingur
karl@spanareignir.is
S. 777 - 4277



**WWW.SPANAREIGNIR.IS**

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Föstudagur

| Staður | °C | m/s |
|---|---|---|
| Reykjavík | 9 | 9 |
| Ísafjörður | 4 | 7 |
| Akureyri | 9 | 8 |
| Egilsstaðir | 9 | 3 |
| Kirkjubæjarkl | 10 | 5 |
| Hveravellir | 3 | 11 |

Suðvestan 3-10 m/s, en 8-15 í dag. Víða skúrir en þurrt og bjart norðaust- an- og austanlands. Hiti 5 til 12 stig yfir daginn.

## Laugardagur

| Staður | °C | m/s |
|---|---|---|
| Reykjavík | 8 | 7 |
| Ísafjörður | 4 | 6 |
| Akureyri | 6 | 3 |
| Egilsstaðir | 7 | 4 |
| Kirkjubæjarkl | 8 | 4 |
| Hveravellir | 4 | 5 |

## Sunnudagur

| Staður | °C | m/s |
|---|---|---|
| Reykjavík | 8 | 2 |
| Ísafjörður | 1 | 2 |
| Akureyri | 4 | 2 |
| Egilsstaðir | 6 | 1 |
| Kirkjubæjarkl | 4 | 3 |
| Hveravellir | 1 | 6 |

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 6 | | 5 | | 1 | 4 | 8 |
| 8 | 3 | | | | | | | 6 |
| | 2 | 4 | 6 | 7 | | 3 | | |
| | 4 | 9 | | 3 | | 5 | 1 | |
| | | | | | 7 | 4 | | |
| | | 1 | | | 9 | 8 | | 3 |
| 9 | | 3 | | | | | 5 | |
| | | 2 | | 6 | | | | |
| | 6 | | 2 | | 3 | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 8 | 4 | | 3 | | 5 | 1 | 9 |
| | | | 1 | | | 7 | | 4 |
| 5 | | | | | 4 | | | |
| | 9 | | | 6 | | | | |
| | | 8 | | | | 9 | 6 | |
| 2 | 6 | | 9 | 8 | | | | |
| 6 | 1 | | | 2 | | 4 | 5 | 8 |
| | 4 | 5 | | | | | | 6 |
| | | | 6 | | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 3 | | | | 6 | 1 | 4 |
| | | 9 | | | | | | |
| | | | 7 | 4 | | | | |
| | | | 6 | | | 7 | | |
| | | | 9 | | 7 | 1 | 3 | |
| 6 | 8 | | 1 | | | | | 9 |
| | 9 | | 8 | | | | 4 | |
| 7 | | | | 1 | | | | 5 |
| 2 | | | | | 5 | 9 | 7 | 8 |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1 orðasveimur
5 samstæða
6 svell
8 manga
10 átt
11 lirfu
12 kirtill
13 laut
15 grennd
17 lóga

**LÓÐRÉTT**
1 festarslit
2 óvættur
3 traust
4 pottur
7 jafnhliða
9 seinfarinn
12 tískusveifla
14 þvælingur
16 tveir eins



**LÁRÉTT:** 1 umtal, 5 par, 6 ís, 8 prútta, 10 sa, 11 orm, 12 bris, 13 gróf, 15 nálægð, 17 farga. **LÓÐRÉTT:** 1 uppsögn, 2 mara, 3 trú, 4 litri, 7 samsíða, 9 torfær, 12 bóla, 14 ráf, 16 gg.

## Skák Gunnar Björnsson

Svesnikov átti leik gegn Ivanov árið 1973,

**1...Ha3! 2. Dxa3 Be4+ 3. Kf4 Bg2+ 4. Kg5 Dxe5+ 5. Kg4 Df5+ 6. Kh4 Dh3+ 7. Kg5 Dh6+ 8. Kg4 f5#.** Guðmundur Kjartansson og Hjörvar Steinn Grétarsson eru efstir á Haustmóti TR að loknum tveim umferð. Í kvöld fer fram þriðja umferð. Í gær fór fram önnur umferð í Íslandsmóti öldunga.
**www.skak.is:** Íslandsmót öldunga.

**Svartur á leik**



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 2 | 8 | 1 | 5 | 9 | 7 | 6 | 4 |
| 4 | 6 | 5 | 2 | 7 | 3 | 1 | 9 | 8 |
| 7 | 1 | 9 | 4 | 6 | 8 | 2 | 3 | 5 |
| 5 | 7 | 1 | 6 | 9 | 4 | 8 | 2 | 3 |
| 8 | 4 | 6 | 3 | 2 | 5 | 9 | 1 | 7 |
| 9 | 3 | 2 | 7 | 8 | 1 | 4 | 5 | 6 |
| 6 | 8 | 3 | 9 | 1 | 7 | 5 | 4 | 2 |
| 1 | 5 | 4 | 8 | 3 | 2 | 6 | 7 | 9 |
| 2 | 9 | 7 | 5 | 4 | 6 | 3 | 8 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 8 | 7 | 6 | 2 | 9 | 5 | 1 | 3 |
| 1 | 9 | 5 | 7 | 8 | 3 | 4 | 6 | 2 |
| 6 | 2 | 3 | 5 | 1 | 4 | 7 | 8 | 9 |
| 2 | 4 | 9 | 3 | 7 | 8 | 6 | 5 | 1 |
| 8 | 3 | 6 | 9 | 5 | 1 | 2 | 4 | 7 |
| 5 | 7 | 1 | 2 | 4 | 6 | 3 | 9 | 8 |
| 3 | 1 | 2 | 4 | 9 | 5 | 8 | 7 | 6 |
| 7 | 5 | 8 | 1 | 6 | 2 | 9 | 3 | 4 |
| 9 | 6 | 4 | 8 | 3 | 7 | 1 | 2 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 2 | 3 | 1 | 9 | 5 | 6 | 7 | 8 |
| 1 | 7 | 8 | 6 | 2 | 4 | 9 | 5 | 3 |
| 6 | 5 | 9 | 3 | 7 | 8 | 1 | 2 | 4 |
| 3 | 8 | 2 | 4 | 1 | 9 | 7 | 6 | 5 |
| 5 | 1 | 4 | 8 | 6 | 7 | 2 | 3 | 9 |
| 7 | 9 | 6 | 5 | 3 | 2 | 4 | 8 | 1 |
| 8 | 6 | 5 | 2 | 4 | 1 | 3 | 9 | 7 |
| 9 | 3 | 1 | 7 | 8 | 6 | 5 | 4 | 2 |
| 2 | 4 | 7 | 9 | 5 | 3 | 8 | 1 | 6 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.


# FRÉTTABLAÐIÐ er helgarblaðið

**Þorði ekki að segja hug sinn**
„Áður en ég skoraði kvíðann og drykkjuna á hólm, þá þorði ég ekki að hafa rödd,“ segir **Nanna Kristín Magnúsdóttir**, leikari og leikstjóri, sem fer ótroðnar slóðir í nýjum sjónvarpsþáttum um miðaldra konu sem tekst á við skilnað.



**Djúp öndun ver börn gegn streitu**
**Unni Örnu Jónsdóttur** og **Hrafnhildi Sigurðardóttur** hefur með mjög einföldum aðferðum tekist að kenna börnum og unglingum að lina kvíða.

**Kvöld mistakanna**
Sannir leiðtogar eru óhræddir við að tala um mistök, segir **Inga Minelgaite**, dósent við Háskóla Íslands, sem efnir til Kvölds mistakanna þar sem fólk úr atvinnulífinu deilir reynslu sinni.



**Ætlar samt að verða hestatemjari**
**Ingvar E. Sigurðsson** og hin tíu ára gamla **Ída Mekkín Hlynsdóttir** segja frá vináttunni sem tókst með þeim við gerð myndarinnar Hvítur, hvítur dagur. Samleikur þeirra er töfrum líkastur en þrátt fyrir augljósa leikhæfileika ætlar Ída að verða hestatemjari frekar en leikkona.

**Helgarblað Fréttablaðsins, ómissandi hluti af góðri helgi**


## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




NIVEA
SÉRSTAKLEGA
ÞRÓAÐ FYRIR
VIÐKVÆMA HÚÐ
Q10 POWER
FYRIR VIÐKVÆMA HÚÐ
FYRIR SLÉTTARI
OG HELBRIGÐARI HÚÐ
100% ILMEFNALAUST
GEFUR MIKINN RAKA
NIVEA
Q10
POWER
ANTI-WRINKLE
+REDUCED SENSITI
WITH SKIN-SOOTHING LICORICE
CALMING DAY CREAM SPF
NIVEA
Q10
POWER
ANTI-WRINKLE
+ REDUCED SENSITIVITY
DAY CREAM SPF 15

# Ferskur kjúklingur
á góðu verði í Bónus




**598** kr./kg

**Bónus Kjúklingur**
Ferskur, heill

ÍSLENSKT
gjörið svo vel




**2.598** kr./kg

**ÍN Ungnautgúllas**
Ferskt




**2.598** kr./kg

**ÍN Ungnautsnitsel**
Ferskt




**1.298** kr./kg

**SG Grísahnakkasneiðar**
Ferskar





**4.598** kr./kg

**ÍN Ungnauta Ribeye**
Ferskt og fullmeyrnað




2 l

**698** kr./2 l

**Kjörís Mjúkís**
2 lítrar




**1.498** kr./kg

**OS Brauðostur**
26%

120 hylki




**2.998** kr./gl.

**Protis Kollagen**
120 hylki

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

KJARNAFÆÐI

# Íslenskt lambakjöt
# Af nýslátruðu




**1.459 kr./kg**

**KF Lambalæri**
Heilt, af nýslátruðu




**2.379 kr./kg**

**KF Lambahryggur**
Af nýslátruðu



**979 kr./kg**

**KF Súpukjöt**
Af nýslátruðu




**298 kr./kg**

**KF Lambalifur og -hjörtu**
Af nýslátruðu

## Lundapartur




**2.479 kr./kg**

**KF Lambahryggur**
Lundapartur, af nýslátruðu

## Án mjaðmabeins




**1.498 kr./kg**

**KF Lambalæri stutt**
Án mjaðmabeins, af nýslátruðu




**198 kr./kg**

**KF Lambanýru**
Af nýslátruðu

BÓNUS

EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:00 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 11:00-18:00
**Bónus Smáratorgi og Skeifunni:** Mánudaga-Laugardaga; 10:00-19:00 • Sunnudaga; 11:00-18:00

## Hvað? Hvenær? Hvar?
Föstudagur

hvar@frettabladid.is

**13. SEPTEMBER 2019**

### Myndlist

**Hvað?** Þrettándi mánuðurinn
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** BERG Contemporary
Listamaðurinn Styrmir Örn Guðmundsson opnar sýningu.

**Hvað?** Rauður spaði
**Hvenær** 17.00-19.00
**Hvar?** Tveir hrafnar - listhús, Baldursgötu 12
Kristinn Már opnar sýningu á nýjum myndverkum.

**Hvað?** Gombri lifir
**Hvenær?** 13.00-18.00
**Hvar?** Gallery Port, Laugavegi 23
Til sýnis eru blaðsíður úr nýútgefinni samnefndri 176 blaðsíðna myndasögu eftir Elínu Eddu (1995).

### Orðsins list

**Hvað?** Markaðsvæðing háskóla
**Hvenær?** 14.00-16.00
**Hvar?** Stofu H-102 á Háskólatorgi
Ylva Hasselberg, prófessor í Uppsölum, fjallar um tilraunir háskóla í Svíþjóð til markaðsvæðingar. Ingólfur Ásgeir Jóhannesson prófessor bregst við erindinu. Síðan verða málin rædd í pallborði.






Eva og Vala eru nýir listrænir stjórnendur Lókal. Frítt er inn á alla viðburði hátíðarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Hlúa að jaðrinum í leiklistinni

**Eva Rún Snorradóttir og Vala Höskuldsdóttir eru nýir listrænir stjórnendur Lókal, alþjóðlegu leiklistarhátíðarinnar í Reykjavík.**



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Lókal, alþjóðleg leiklistarhátíð í Reykjavík, verður haldin í ellefta sinn 14.-22. september. Nýir listrænir stjórnendur hennar eru Eva Rún Snorradóttir og Vala Höskuldsdóttir sem mæta til leiks með nýjar áherslur.

„Við höldum hátíðina með nýjum formerkjum og köllum hana hátíð opinna vinnuferla. Öll verk á hátíðinni eru verk í vinnslu. Þau eru öll íslensk, við vildum nota tækifærið og hlúa að jaðrinum í leiklistinni og tilraunamennsku hér heima,“ segir Eva.

Burðarstykki hátíðarinnar er vinnustofa sem nefnist Kveikjur. „Þar erum við með leiðbeinendur sem við köllum kveikjara. Þetta eru Guðrún Eva Mínervudóttir rithöfundur, Eyrún Sigurðardóttir dansari og Magga Bjarnadóttir, performans listamaður. Listamenn vinnustofunnar sýna svo afrakstur vikunnar í lok hátíðarinnar,“ segir Eva.

### Spennandi að opna rannsóknarferlið

„Við sendum út kall, auglýstum eftir hugmyndum frá listamönnum og lögðum mikla áherslu á að verkefnin væru nokkuð óræð og ekki líkleg til að fá stóra styrki. Við fengum mikið af góðum umsóknum og völdum fjóra þátttakendur á vinnustofuna,“ sagði Vala. „Auk vinnustofunnar verða fjögur önnur verk. Í verkefni Írisar Stefaníu ræðir saumaklúbbur kynupplifun kvenna og áhorfendur fá að vera viðstaddir rannsóknarferlið. Í rannsóknarferlinu gerast oft töfrar en það er erfitt að koma þeim göldrum fyrir í lokasýningunni. Okkur finnst mjög spennandi að opna rannsóknarferlið sjálft fyrir áhorfendum.“

Saga biðraða á Íslandi er annað verkefni en þar rannsaka sviðslistakonurnar í DÍÓ biðraðir og íslenskt snitzel er gjörningafyrirlestur í flutningi Janusar Braga og Loja Höskuldssonar. Einnig verður

> VIÐ HÖLDUM HÁTÍÐINA MEÐ NÝJUM FORMERKJUM OG KÖLLUM HANA HÁTÍÐ OPINNA VINNUFERLA.

boðið upp á örfyrirlestur í endurgjöf. Tveir tónlistarviðburðir verða svo á hátíðinni.

### Málþing um sköpunarferlið

Opnunarviðburður hátíðarinnar nú á laugardag er rituál sem Snæfríður Sól Gunnarsdóttir flytur og eftir það verður haldið frjálslegt málþing um sköpunarferlið. Eva og Vala segja að slíkur opnunarviðburður muni á næstu árum verða fastur liður á dagskrá hátíðarinnar.

Allir viðburðirnir verða í Tjarnarbíói fyrir utan saumaklúbbinn sem haldin verður í heimahúsi. Frítt er inn á alla viðburði. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar um hátíðina á lokal.is.

Erlendir forsvarsmenn leiklistarhátíða hafa boðað komu sína á Lókal. „Við ætlum að ræða við þá meðal annars um þá hugmynd að halda vinnustofuna næsta ár með erlendu listafólki jafnt sem íslensku. Þá langar okkur að fá erlend verk sem eru í vinnslu og sýna þau á hátíðinni,“ segja Eva og Vala.

# Erna og Halla tilnefndar sem danshöfundar ársins

Erna Ómarsdóttir og Halla Ólafsdóttir hafa verið tilnefndar til Faust-verðlaunanna, eftirsóttustu leiklistarverðlauna Þýskalands, sem danshöfundar ársins fyrir uppfærslu sína á verkinu Rómeó og Júlía eftir William Shakespeare, við sígilda tónlist Sergei Prokofiev. Þær sköpuðu verkið fyrir dansflokk Gärtnerplatz-leikhússins í München árið 2018 og hlutu mikið lof fyrir frá bæði áhorfendum og gagnrýnendum. Sýning þeirra Ernu og Höllu var meðal annars sögð vera „hugrökk, dásamleg, þokkafull og óhugnanleg, sigur fyrir hina fullkomlega óhræddu Íslendinga“ (BR-Klassik).

Faust-verðlaunin verða afhent við hátíðlega athöfn í Regensburg þann 9. nóvember. Verðlaunin eru



Uppfærsla Gärtnerplatz-leikhússins í München. MYND/MARIE-LAURE BRIANE

afar mikils metin um allan heim. Einungis þrjár uppfærslur fá tilnefningu fyrir danshöfund ársins, en meðal tilnefndra er hin heimsfræga Anne Teresa de Keersmaeker.

Íslendingum gefst tækifæri til að sjá Rómeó og Júlíu á Listahátíð í Reykjavík 2020 en Erna og Halla munu endurskapa verkið í samvinnu við dansara Íslenska dansflokksins og flytja það ásamt Sinfóníuhljómsveit Norðurlands í Hofi á Akureyri. Rómeó og Júlía er verkefni Íslenska dansflokksins, Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands, Listahátíðar og Þjóðleikhússins.



Við höfum báðir talað um það að við vildum sýna saman og það er gaman að það skuli nú gerast. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Vilja ekki endurtaka sig

## Matthías Rúnar Sigurðsson og Sigurður Ámundason sýna höggmyndir og teikningar á sýningunni Valheimur.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Valheimur er yfirskrift sýningar Matthíasar Rúnars Sigurðssonar og Sigurðar Ámundasonar sem nú stendur yfir í Hverfisgalleríi. Báðir sækja innblástur í epískar frásagnarhefðir, furðuheima og goðsagnir.

**Form og þróun**

Matthías gerir höggmyndir. „Flest verkin eru úr grágrýti og eitt verkið er úr gabbró sem minnir nokkuð á granít. Gabbróið fékk ég í Steinkompaníinu en ég fæ stundum steina þaðan og finn líka sjálfur steina og vel þá steina sem ég get borið,“ segir Matthías. „Ég byrja á því að grófmóta steinana og bý til formið og nota meðal annars hamar og meitil en einnig önnur verkfæri sem standa mér til boða, þar á meðal rafmagnsverkfæri. Í seinni tíð hef ég hugsað æ meir um formið á verkunum.“

> ÉG SKISSA ALDREI HELDUR BYRJA OG TEK ÓMEÐVITAÐAR ÁKVARÐANIR UM ÞAÐ HVERNIG TEIKNINGIN Á AÐ VERA.

Sigurður gerir stórar teikningar með kúlupenna og trélitum. „Ég skissa aldrei heldur byrja og tek ómeðvitaðar ákvarðanir um það hvernig teikningin á að vera. Þegar ég er búinn að gera myndina þá sé ég oft að þar er ákveðin myndbygging og einhvers konar samtal í gangi sem ég var ekki endilega búinn að velta fyrir mér. Ég ætlaði mér kannski að gera eitthvað allt öðruvísi en myndin þróaðist í aðra átt. Ég ætla mér til dæmis aldrei að hafa mikið af litadýrð í myndunum en hún kemur bara af sjálfu sér,“ segir Sigurður.

Spurðir um áhrif segir Matthías: „Ég veit ekki alveg hvaðan áhrifin koma en kvikmyndir eru alveg örugglega áhrifavaldur.“ Sigurður nefnir einnig kvikmyndir og segist líka vera undir áhrifum frá vísindaskáldsögum, teiknimyndum og goðsögum. „Joseph Campbell útskýrði goðsögulegt myndmál á skemmtilegan hátt með því að taka dæmi af sögunni af prinsinum sem bjargar prinsessunni frá drekanum. Prinsinn stendur fyrir hugrekkið, prinsessan fyrir sakleysið og drekinn er skrímslið. Allt þetta er inni í okkur sjálfum. Þegar ég teikna dýr vil ég gefa því mannlega eiginleika og tengja það þannig við dýrið í sjálfum okkur.“

Báðir segjast þeir leita eftir því að gera eitthvað sem þeir hafa ekki gert áður og byggja þannig upp þekkingu. „Maður vill ekki endurtaka sig,“ segir Sigurður.

Þeir eru vinir en segja það vera algjöra tilviljun að þeir voru valdir til að sýna saman. „Við höfum báðir talað um það að við vildum sýna saman og það er gaman að það skuli nú gerast,“ segja þeir. Sýning þeirra stendur til 5. október.

# Myrkir músíkdagar tilnefndir til EFFE-verðlauna

Tónlistarhátíðin Myrkir músíkdagar er tilnefnd til EFFE-verðlaunanna ásamt virtum listahátíðum á borð við BBC Proms og Maggio Musicale Fiorentino. Verðlaunaafhendingin fer fram í Brussel þann 26. september næstkomandi en auk þess verða sérstök áhorfendaverðlaun veitt þeirri hátíð sem hlutskörpust er í opinni vefkosningu á meðal almennings.

Myrkir músíkdagar eru meðal 24 evrópskra listahátíða sem hljóta að þessu sinni heiðursnafnbótina „EFFE Laureate“ og tilnefndar eru til EFFE-verðlaunanna 2019-2020. Alþjóðleg dómnefnd valdi þær úr hópi 715 hátíða á úrvalslista EFFE – Europe for festivals, Festivals for Europe. Verðlaunin eru hluti af framtaksverkefni Evrópusambandsins og eru veitt annað hvert ár til listahátíða sem þykja skara fram úr hvað varðar listræn gæði og hafa mikil áhrif á menningarsamstarf í nærumhverfi sínu.



Gunnar Karel, listrænn stjórnandi Myrkra músíkdaga. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

„Við hjá Myrkum músíkdögum erum ótrulega ánægð og þakklát fyrir þessa viðurkenningu. Sem ein af elstu tónlistarhátíðum landsins er það mjög mikilvægt fyrir okkur að hugsa til framtíðar og er þessi viðurkenning gott veganesti inn í 40 ára afmælisár hátíðarinnar á næsta ári. Það má með sanni segja að hátíðin sé að þroskast og þróast í rétta átt,“ segir Gunnar Karel Másson, listrænn stjórnandi Myrkra músíkdaga.

> VIÐ HJÁ MYRKUM MÚSÍKDÖGUM ERUM ÓTRÚLEGA ÁNÆGÐ OG ÞAKKLÁT FYRIR ÞESSA VIÐURKENNINGU.

Myrkir músíkdagar verða næst 25. janúar til 1. febrúar 2020. Hátíðin fagnar þá 40 ára afmæli sínu en hún hóf göngu sína árið 1980 að frumkvæði Tónskáldafélags Íslands. Dagskrá Myrkra músíkdaga verður kynnt á vef hátíðarinnar á næstu vikum.





ALLT Í FÖSTUDAGS PIZZUNA!!!

REMA 1000




219 kr.
REMA 1000
PIZZASÓSA
LÍFRÆN
280g




159 kr.
REMA 1000
PIZZASÓSA
280g

ÞÚ FINNUR SUPER1 Á TVEIMUR STÖÐUM







HALLVEIGARSTÍG 1 SMIÐJUVEGI 2

OPIÐ 10:00 - 22:00 ALLA DAGA

SUPER 1

MJÖG GOTT - MJÖG GOTT - MJÖG GOTT VERÐ

# DAGSKRÁ

## Föstudagur

### RÚV SJÓNVARP

**07.50 HM í körfubolta** Bein útsending frá leik Spánar og Ástralíu í undanúrslitum á HM karla í körfubolta.
**09.50 Kastljós**
**10.05 Menningin**
**10.15 Augnablik - úr 50 ára sögu sjónvarps**
**10.30 Útsvar 2017-2018**
**11.50 HM í körfubolta** Bein útsending frá leik Argentínu og Frakklands í undanúrslitum á HM karla í körfubolta.
**13.50 Enn ein stöðin**
**14.15 Séra Brown**
**15.00 Söngvaskáld**
**16.05 Grafhýsi Tútankamons**
**16.50 Gunnel Carlson heimsækir Ítalíu** Hin sænska Gunnel Carlson leitar uppi landa sína sem hafa flutt til Ítalíu og látið drauma sína rætast. Á þessum draumaslóðum hafa þeir keypt gamlar fasteignir og verja tímanum í að gera þær upp í sól og blíðu. e.
**17.00 Skógarnir okkar**
**17.20 Veröld sem var**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Ofurmennaáskorunin** Sjónvarpsmaðurinn Tim Fitzhigham hittir fólk með hæfileika sem teljast varla mennskir og skorar á þau í þrautir á þeirra heimavelli. e.
**18.29 Tryllitæki - Alger vöknun** Uppfinningamenn þurfa að leysa auðveld verkefni, eins og að vekja einhvern eða blása á kerti á afmælistertu, með stórum og flóknum vélum. e.
**18.40 Krakkavikan**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.35 Veður**
**19.45 Kappsmál** Nýr skemmtiþáttur um íslenska tungu í umsjón Bjargar Magnúsdóttur og Braga Valdimars Skúlasonar þar sem þátttakendur etja kappi í fjölbreyttum leikjum og þrautum, meðal annars í taugatrekkjandi stöfunarkeppni og í sérhannaðri útgáfu af hengimanni. Framleiðsla: Skot í samstarfi við RÚV.
**20.35 Vikan með Gísla Marteini**
**21.20 Séra Brown**
**22.10 Síðasta konungsríkið** Ævintýraleg spennuþáttaröð frá BBC sem gerist í Englandi á síðari hluta níundu aldar. Danir hafa ráðist inn í England og náð yfirráðum í fjölda smáríkja, en stríðsmaðurinn Uhtred er óttalaus og staðráðinn í að endurheimta ríki sitt. Aðalhlutverk: Alexander Dreumon, Ian Hart, David Dawson og Eliza Butterworth. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**22.55 The Sixth Sense** Spennumynd frá 1999 með Bruce Willis í hlutverki barnasálfræðings sem reynir að hjálpa ungum dreng sem segist sjá látið fólk. Myndin var tilnefnd til sex Óskarsverðlauna, meðal annars sem besta myndin og fyrir besta handritið. Leikstjóri: M. Night Shyamalan. Aðalhlutverk: Bruce Willis, Haley Joel Osment og Toni Colette. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna. e.
**00.35 Dagskrárlok**

### GOLFSTÖÐIN

**07.00 Solheim Cup 2019**
**17.10 PGA Tour 2016: Delivering a Decade of Champions**
**17.35 Inside the PGA Tour 2019**
**18.00 A Military Tribute at the Greenbrier**
**22.00 Golfing World 2019**
**22.50 Solheim Cup 2019**

### SJÓNVARP SÍMANS

**08.00 Dr. Phil**
**08.38 The Tonight Show**
**09.20 The Late Late Show**
**10.00 Síminn + Spotify**
**12.00 Everybody Loves Raymond**
**12.22 The King of Queens**
**12.44 How I Met Your Mother**
**13.06 Dr. Phil**
**13.47 Family Guy**
**14.09 The Biggest Loser**
**14.53 90210**
**16.00 Malcolm in the Middle**
**16.20 Everybody Loves Raymond**
**16.45 The King of Queens**
**17.05 How I Met Your Mother**
**17.30 Dr. Phil**
**18.15 The Tonight Show**
**19.00 The Late Late Show**
**19.45 Younger**
**20.15 Bachelor in Paradise**
**21.40 Safe Haven**
**23.25 The Tonight Show**
**00.05 The Late Late Show**
**00.50 NCIS**
**01.30 The Handmaid's Tale**
**02.25 Ray Donovan**
**02.55 Yellowstone**
**03.40 FEUD**
**04.40 Síminn + Spotify**

### RÚV RÁS EITT

**06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
**06.50 Morgunvaktin**
**07.00 Fréttir**
**07.30 Fréttayfirlit**
**08.00 Morgunfréttir**
**08.30 Fréttayfirlit**
**09.00 Fréttir**
**09.05 Í ljósi sögunnar**
**09.45 Morgunleikfimi**
**10.00 Fréttir**
**10.03 Veðurfregnir**
**10.13 Óskastundin**
**11.00 Fréttir**
**11.03 Mannlegi þátturinn**
**12.00 Fréttir**
**12.02 Hádegisútvarp**
**12.20 Hádegisfréttir**
**12.40 Veðurfregnir**
**12.50 Dánarfregnir**
**12.55 Samfélagið**
**14.00 Fréttir**
**14.03 Heimskviður**
**15.00 Fréttir**
**15.03 Sögur af landi**
**16.00 Síðdegisfréttir**
**16.05 Skyndibitinn**
**17.00 Fréttir**
**17.03 Lestarklefinn**
**18.00 Spegillinn**
**18.30 Hraði**
**18.50 Veðurfregnir**
**18.53 Dánarfregnir**
**19.00 Flugur**
**19.50 Lofthelgin**
**20.35 Mannlegi þátturinn**
**21.35 Kvöldsagan: Svipir dagsins og nótt**
**22.00 Fréttir**
**22.05 Veðurfregnir**
**22.10 Samfélagið**
**23.05 Lestarklefinn**
**00.00 Fréttir**
**00.05 Næturútvarp Rásar 1**

### STÖÐ 2 BÍÓ

**12.45 Lego: The Adventures of Clutch Powers**
**14.10 The Wedding Singer**
**15.50 Paris Can Wait**
**17.20 Lego: The Adventures of Clutch Powers**
**18.45 The Wedding Singer**
**20.25 Paris Can Wait**
**22.00 Dragonheart 3: The Sorcerer's Curse**
**23.40 Enter The Warrior's Gate**
**01.25 The Sea of Trees**
**03.15 Dragonheart 3: The Sorcerer's Curse**

### STÖÐ 2

**07.00 Tommi og Jenni**
**07.30 Friends**
**07.50 Gilmore Girls**
**08.35 Brother vs. Brother**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Deception**
**10.20 The Detail**
**11.00 The Good Doctor**
**11.45 Landhelgisgæslan**
**12.10 Feðgar á ferð**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Ocean's Twelve**
**15.05 The Inventor: Out for Blood in Silicon Valley**
**17.10 Suður-ameríski draumurinn**
**17.45 Bold and the Beautiful**
**18.05 Nágrannar**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.55 Ísland í dag**
**19.10 Sportpakkinn**
**19.20 Veður**
**19.25 Steypustöðin - brot af því besta**
**19.55 Road Less Travelled** Rómantísk mynd frá 2017 um sveitasöngkonuna Charlotte sem kemur heim til Tennessee viku áður en hún giftir sig, til að fá lánaðan brúðarkjól móður sinnar heitinnar, hjá ömmu sinni. En þegar hún hittir æskuástina Ray, þá byrja neistarnir að fljúga. Eftir því sem tilfinningar hennar í garð Ray verða flóknari og hljómplötufyrirtækið hennar setur meiri pressu á hana um að semja nýjan smell, þá fer Charlotte að spyrja sig hvort að hún hefði nokkurn tímann átt að yfirgefa Tennessee, og jafnvel fer hún að efast um hvort hún sé að giftast rétta manninum.
**21.25 The Meg** Hrollvekja af bestu gerð frá 2018. Vísindamönnum og áhöfn neðansjávarrannsóknarstöðvarinnar Mana One bregður í brún þegar forsögulegur risahákarl birtist skyndilega úr undirdjúpunum og laskar stöðina það mikið að þeim er bráður bani búinn komist þau ekki fljótlega upp á yfirborðið.
**23.15 Tag**
**00.55 All I See Is You**
**02.45 Escape Plan 2: Hades**
**04.20 Ocean's Twelve**

### STÖÐ 3

**19.10 Mom**
**19.35 The Big Bang Theory**
**20.00 Seinfeld**
**20.25 Friends**
**20.55 Stelpurnar**
**21.25 Underground**
**22.15 Réttur**
**23.05 Barry**
**23.35 Famous In love**
**00.15 American Dad**
**00.40 Mom**
**01.00 The Big Bang Theory**
**01.20 Tónlist**

### STÖÐ 2 SPORT

**06.45 Ísland - Moldóva**
**08.25 Breiðablik - Fylkir**
**10.10 Stjarnan - FH**
**11.55 Pepsi Max Mörk karla**
**14.15 England - Kósóvó**
**15.55 Albania - Ísland**
**17.35 Seinni bylgjan - upphitunarþáttur**
**18.35 Derby - Cardiff**
**20.40 La Liga Report 2019/2020**
**21.10 Evrópudeildin - fréttaþáttur**
**22.00 UFC 242: Khabib vs Poirier**

### STÖÐ 2 SPORT 2

**18.50 Real Mallorca - Athletic Club**

### ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin





**Öll laugardagskvöld í september**

kl. 19:45

Vel valdar teiknimyndir sem hafa hlotið lof gagnrýnenda og almennings. Á undan myndunum segja krakkar frá uppáhaldsteiknimyndunum sínum.
Myndirnar eru talsettar á íslensku á RÚV en eru sýndar á sama tíma á RÚV 2 með ensku tali.

RÚV okkar allra


KJÖTHÖLLIN
KJÖRBÚÐIN
Melabúðin
nettó
BÓNUS
HAGKAUP
KRÓNAN
NÓATÚN
ÍSLENSKT
gjörið svo vel
Íslenskir dagar
12.–15. september
Íslenskir matvælaframleiðendur og verslanir hafa tekið höndum saman og blása til íslenskra daga 12.–15. september. Komið við í ykkar verslun, setjið úrval íslenskra vara í innkaupakörfuna og svo er bara að bjóða gestum að gjöra svo vel.
SS
Kjörís
Landssamband bakarameistara
ÖLGERÐIN
Ali
Rubín kaffi
VÍKING BRUGGHÚS
NÓI SÍRÍUS
TE & KAFFI
Ali Kjúklingur
íslenskt grænmeti
prima
NORÐLENSKA
MJÓLKURSAMSALAN
KJARNAFÆÐI
STJÖRNU
ÍSLANDS LAMB
ÍSLANDS NAUT
Kaffitár
MYLLAN
KORNAX
MÓÐIR NÁTTÚRA
SI Samtök iðnaðarins
SVÞ Samtök verslunar og þjónustu
SA
BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS

# Tískuvikan í New York – Þá og nú

Tískuvikan í New York stendur nú yfir. Oft er talað er um að tískan fari í hringi. Því er gaman að bera saman klæðnað gesta tískuvikunnar í ár og fyrir tíu árum.

Tískuvikan í New York er ein sú stærsta sinnar tegundar í heiminum en henni lýkur á laugardag. Margar af stærstu stjörnum heim, innan sem utan tískuheimsins, sækja viðburðinn. Oft er talað um að tískan fari í hringi og nú er tíska fyrsta áratugar þessarar aldar að sækja í sig veðrið. Hér er því skemmtilegur samanburður á gestum tískuvikunnar í Stóra eplinu í ár og fyrir tíu árum. **steingerdur@frettabladid.is**





Söngkonan Rihanna mætti á tískusýningu fatamerkis síns Fenty í ár. Fyrir áratug var hún ekki byrjuð að hanna sjálf og var því bara gestur.





Ritstjóri Vogue, Anna Wintour, hefur alltaf verið klassísk í klæðavali.





Tískudrottningin Olivia Palermo lætur sig aldrei vanta á tískuvikuna í New York og er þekkt fyrir flottan fatastíl.






**ILVA Korputorgi**, s: 522 4500 www.ILVA.is
Laugardaga og sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30

netgíró
VALITOR

FACEBOOK.COM/ILVAISLAND
INSTAGRAM.COM/ILVAISLAND

HYUNDAI Notaðir

# ALLT AÐ 5 ÁRA ÁBYRGÐ

Eigum nokkra yfirfarna nýlega Hyundai hjá okkur í Kauptúni 1, Garðabæ sem eru enn í ábyrgð. Komdu og gerðu frábær kaup!

5 ÁRA ÁBYRGÐ ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR

8 ÁRA RAFHLÖÐU ÁBYRGÐARTRYGGING




**HYUNDAI Tucson Comfort**
Nýskr. 02/18, ekinn 78 þ.km, dísil, sjálfskiptur
VERÐ: **3.990.000 kr.**




**HYUNDAI i10 Style**
Nýskr. 05/18, ekinn 17 þ.km, bensín, beinskiptur.
VERÐ: **1.790.000 kr.**




**HYUNDAI Santa Fe III Style**
Nýskr. 06/17, ekinn 28 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
VERÐ: **5.590.000 kr.**




**HYUNDAI Santa Fe III Premium**
Nýskr. 04/18, ekinn 33 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
VERÐ: **6.790.000 kr.**



**HYUNDAI Tucson Comfort 2wd**
Nýskr. 09/19, ekinn 25 km, dísil, sjálfskiptur.
VERÐ: **4.490.000 kr.**




**HYUNDAI Kona Style 4wd**
Nýskr. 09/18, ekinn 2 þ.km , bensín, sjálfskiptur.
VERÐ: **4.590.000 kr.**




**HYUNDAI i20 Premium**
Nýskr. 08/18, ekinn 1 þ.km, bensín, beinskiptur.
VERÐ: **2.490.000 kr.**




**HYUNDAI i10 Premium**
Nýskr. 07/18, ekinn 700 km, bensín, beinskiptur.
VERÐ: **1.890.000 kr.**

HYUNDAI

Hyundai notaðir bílar Kauptúni 1 - 210 Garðabæ

Sími: 575 1200 - notadir@hyundai.is

Opið frá kl. 9–18 virka daga og á laugardögum frá kl. 12–16.

ENNEMM / SÍA / NM95715






Narfi opnar sýninguna Eitthvað úr ísskápnum í Núllinu gallerii í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Pantaði áttatíu hvíta kúlupenna frá Japan

**Narfi** opnar sýningu í Núllinu galleríi í dag. Hann segir hana vera nokkurs konar samtíning af hans helstu verkum, en þetta er hans sjöunda einkasýning.

Klukkan fimm í dag opnar listamaðurinn og grafíski hönnuðurinn Narfi sýningu í Núllinu, sem er gallerí við Bankastræti. Í rýminu var á árum áður almenningssalerni. Narfi segir að sýningin sé nokkurs konar samtíningur af verkum hans, en áður stóð til að hann væri með gjörning í rýminu ásamt félaga sínum þessa helgi.

„En svo þurfti hann að fara fyrir dóm vegna vangoldinna skólagjalda. Ég varð því bara að redda þessu sjálfur og vildi í þeirri viðleitni minni koma í veg fyrir að allt færi sömu leið og hjá félaga mínum. Þannig að verkin eru flest til sölu,“ segir hann.

Narfi kallar sýninguna Eitthvað úr ísskápnum, sem er vísun í samtíningsyfirbragðið sem hún hefur.

„Þetta er smá eins og þegar maður tekur eitthvað af handahófi úr ísskápnum og hendir í ommelettu. Það er fín leið til að lýsa sýningunni.“

Úr því að sýningin samanstendur af hinum og þessum verkum er ekki eitt eiginlegt þema á henni.

„Þetta eru málverk, teikningar og prentverk,“ segir Narfi, en hann útskrifaðist úr grafískri hönnun frá Listaháskóla Íslands 2013.




Nokkur verkanna eru unnin í stúdíóinu sem listamaðurinn Narfi rak með félögum sínum úti á Granda í Reykjavík. Þau eru unnin með kaffi og bleki.

**EN SVO ÞURFTI HANN AÐ FARA FYRIR DÓM VEGNA VANGOLDINNA SKÓLAGJALDA. ÉG VARÐ ÞVÍ BARA AÐ REDDA ÞESSU SJÁLFUR OG VILDI Í ÞEIRRI VIÐLEITNI MINNI KOMA Í VEG FYRIR AÐ ALLT FÆRI SÖMU LEIÐ OG HJÁ FÉLAGA MÍNUM.**

„Það verða nokkur verk á sýningunni sem mér þykir alveg einstaklega vænt um, en ég gerði þau þegar ég var með stúdíó úti á Granda ásamt félögum mínum. Það var mjög áhugaverður og skemmtilegur tími. Verkin eru gerð með kaffi og bleki.“

Narfi heillast af óhefðbundnum aðferðum í listsköpun sinni. Í apríl hélt hann einkasýningu á verkum sem voru gerð með því að festa kúlupenna á borvél.

„Nú er ég að leita að sýningarplássi fyrir framhaldið á þeirri sýningu. Hún verður nokkurs konar andstæða, því ég var að panta áttatíu hvíta kúlupenna frá Japan. Svo mun ég festa þá á borvélar og gera verk á svartan pappa. Það verður þó meira nákvæmar teikningar en á síðustu sýningu.“

Sýningin Eitthvað úr ísskápnum verður opnuð klukkan 17.00 í Núllinu gallerii í Bankastræti 0 í dag.

**steingerdur@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson, *hlynur@frettabladid.is* , Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Svava O'Brien *svava@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is.* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Guðrún Inga Grétarsdóttir *gudruninga@frettabladid.is*




# VAKNAÐU!

## Þú átt bara eitt líf

Neysla vímuefna og misnotkun lyfja færist sífellt í aukana meðal barna og ungmenna. Yngri börn en áður eru að fikta og aðgengi að hættulegum efnum er grátlega auðvelt. Við verðum að vakna! Vakna sem foreldrar, systkini, vinir, kennarar, ömmur og afar, frænkur og frændur. Vakna sem þjóð!

Styrkjum stórefldar forvarnir fyrir börn og ungmenni með því að kaupa **Á allra vörum** varasettið eða hringja í styrktarnúmer átaksins.

**907 1502**
2.000 kr.

**907 1504**
4.000 kr.

**907 1506**
6.000 kr.

**907 1508**
8.000 kr.

**907 1510**
10.000 kr.

á allra vörum

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **550 5000**
**Ritstjórn** 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 550 5050 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Torg. ehf

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**


Þórarins Þórarinssonar




## Dagur í lífi …

Hvellur Star Wars-hringitónn, svartlakkaðar táneglur undan hlýrri sæng, hægur andardráttur, fegurð, enginn tími, kalt gólf, Kirkland-sokkar, sjúskaðar gallabuxur, Lóritín (10 mg), Metroplool (23,75 mg), Nexium (20 mg), Pressmin (50 mg), Metýlfenídat (72 mg), Coca-Cola (33 cl), þykkt, svart leður, töff, geðstirð læða mjálmar, hermannaklossar, iPhone 5SE, heyrnartól, Runkeeper, „activity started“, rigning, Spotify, Sleeping My Day Away (D-A-D), No More Mr. Nice Guy (Alice Cooper), Of Crime And Passion (Duran Duran), Do You Love Me? (Nick Cave), Paint It Black (The Rolling Stones), Birkimelur, Suðurgata, Skothúsvegur, Tjarnargata, stytta af reffilegum, miðaldra, gagnkynhneigðum karli, Pósturinn, Penninn Eymundsson, 10-11, Austurstræti, Héraðsdómur Reykjavíkur, Te & kaffi, H&M, „activity completed“, 1,89 kílómetrar, 23,52 mínútur, 93 kaloríur, lyfta, 3. hæð, Nespresso, Lungo Leggero, lyfta, 4. hæð, Fréttablaðið, Lovísa, hæ!, lyklaborð, Google, Facebook, helvítis Facebook, auðar síður, Lungo Leggero, hringja, tala, skrifa, svara, tala meira, hringja aftur, skrifa, „tími kominn á pillurnar, tími kominn á pillurnar“ (rödd Bubba), C-vítamín, B-12, Pressmin (50 mg), Metroplool (23,75 mg), Coca-Cola (33 cl), stress, Yogi Tea, Licorice Mint, Bakþankar, autt Word-skjal, hugsa, KR? Rambó? Aftur? autt Word-skjal, „hvellur Star Wars-hringitónn ..., lyfta, 1. hæð, stytta af eitruðum, miðaldra, líklega gagnkynhneigðum karli með spjót, iPhone 5SE, heyrnartól, Runkeeper, „activity started“, Audible ,The Institude, Stephen King, Kalkofnsvegur, Lækjargata og svo framvegis ...








